

# AÐALNÁMSKRÁ TÓNLISTARSKÓLA

## STROKHLJÓÐFÆRI

2001

# AÐALNÁMSKRÁ TÓNLISTARSKÓLA

## STROKHLJÓÐFÆRI

## 2001

**Menntamálaráðuneytið**

Menntamálaráðuneytið : námskrár 31

Júlí 2001

Útgefandi: Menntamálaráðuneytið
Sölvhólsgötu 4
150 Reykjavík
Sími: 560 9500
Bréfasími: 562 3068
Netfang: postur@mrn.stjr.is
Veffang: www.mrn.stjr.is

Hönnun og umbrot: XYZETA / SÍA
Ljósmyndun: Kristján Maack
Myndskreytingar: XYZETA / SÍA
Prentun: Oddi hf.

© 2001 Menntamálaráðuneytið

ISBN 9979-882-53-0

# EFNISYFIRLIT

Formáli ........ 7
Fiðla ........ 9
- Nokkur atriði varðandi nám á fiðlu ........ 9
- Grunnnám ........ 10
  - Markmið í grunnnámi
  - Verkefnalisti í grunnnámi
  - Grunnpróf
- Miðnám ........ 16
  - Markmið í miðnámi
  - Verkefnalisti í miðnámi
  - Miðpróf
- Framhaldsnám ........ 24
  - Markmið í framhaldsnámi
  - Verkefnalisti í framhaldsnámi
  - Framhaldspróf
- Samleikur ........ 33
  - Grunnnám
  - Miðnám
  - Framhaldsnám
- Bækur varðandi hljóðfærið ........ 36

Víóla ........ 39
- Nokkur atriði varðandi nám á víólu ........ 39
- Grunnnám ........ 40
  - Markmið í grunnnámi
  - Verkefnalisti í grunnnámi
  - Grunnpróf
- Miðnám ........ 46
  - Markmið í miðnámi
  - Verkefnalisti í miðnámi
  - Miðpróf
- Framhaldsnám ........ 55
  - Markmið í framhaldsnámi
  - Verkefnalisti í framhaldsnámi
  - Framhaldspróf




3

Samleikur ..... 66
Grunnnám
Miðnám
Framhaldsnám
Bækur um hljóðfærið ..... 67
Selló ..... 69
Nokkur atriði varðandi nám á selló ..... 69
Grunnnám ..... 69
Markmið í grunnnámi
Verkefnalisti í grunnnámi
Grunnpróf
Miðnám ..... 75
Markmið í miðnámi
Verkefnalisti í miðnámi
Miðpróf
Framhaldsnám ..... 82
Markmið í framhaldsnámi
Verkefnalisti í framhaldsnámi
Framhaldspróf
Samleikur ..... 88
Grunnnám
Miðnám
Framhaldsnám
Bækur varðandi hljóðfærið ..... 90
Kontrabassi ..... 91
Nokkur atriði varðandi nám á kontrabassa ..... 91
Grunnnám ..... 91
Markmið í grunnnámi
Verkefnalisti í grunnnámi
Grunnpróf
Miðnám ..... 97
Markmið í miðnámi
Verkefnalisti í miðnámi
Miðpróf
Framhaldsnám ..... 103
Markmið í framhaldsnámi
Verkefnalisti í framhaldsnámi
Framhaldspróf







Samleikur ..... 110
Grunnnám
Miðnám
Framhaldsnám
Bækur varðandi hljóðfærið ..... 112



# FORMÁLI

Aðalnámskrá tónlistarskóla skiptist annars vegar í almennan hluta og hins vegar í greinanámskrár fyrir einstök hljóðfæri og námsgreinar í tónlistarskólum. Í þessu riti er að finna greinanámskrár fyrir strokhljóðfæri, þ.e. fiðlu, víólu, selló og kontrabassa. Námskrárnar miðast við þá skipan tónlistarnáms sem mælt er fyrir um í almennum hluta aðalnámskrár tónlistarskóla.

Í almennum hluta aðalnámskrár eru hlutverk og meginmarkmið tónlistarskóla skilgreind. Náminu er skipt í þrjá námsáfanga, grunnnám, miðnám og framhaldsnám, og lögð áhersla á samræmt námsmat við lok áfanganna. Jafnframt er lögð áhersla á sjálfstæði og frumkvæði einstakra skóla, skapandi starf og samvinnu í skólastarfi.

Aðalnámskrá tónlistarskóla er ætlað að tryggja fjölbreytni en jafnframt að stuðla að samræmingu þeirra námsþátta sem aðalnámskrá tekur til, bæði innan einstakra tónlistarskóla og á milli skóla.

Almenn atriði varðandi námsþætti og námsmat er að finna í almennum hluta aðalnámskrár. Þar er einnig að finna umfjöllun um áfangapróf, þ.m.t. tilgang, skipulag, prófþætti og vægi þeirra, lengd prófa, prófreglur, prófdæmingu og einkunnagjöf. Því er mikilvægt að allir, sem hlut eiga að máli, kynni sér almennan hluta aðalnámskrár tónlistarskóla vandlega.

Í almennum hluta aðalnámskrár er mælst til þess að tónlistarskólar skilgreini starfssvið sitt í eigin skólanámskrám. Við þá námskrárgerð er hverjum skóla ætlað að taka mið af stefnumörkun aðalnámskrár tónlistarskóla, ásamt því að sinna sérhæfðum og staðbundnum markmiðum.

Í námskrám fyrir einstök strokhljóðfæri er að finna sértæk markmið fyrir grunnnám, miðnám og framhaldsnám, sniðin að hverju hljóðfæri, verkefnalista fyrir einstaka áfanga, prófskýringar og dæmi um prófverkefni á áfangaprófum. Auk þess eru birtir listar með samleiksverkum og bókum varðandi hljóðfærin.


6

7



# FIÐLA

Í þessum hluta aðalnámskrár tónlistarskóla er fjallað um nokkur atriði varðandi nám á fiðlu. Þar á eftir fara kaflar um hvern hinna þriggja megináfanga námsins, grunnnám, miðnám og framhaldsnám. Í þessum köflum eru fyrst tilgreind þau leikni- og skilningsmarkmið sem nemendur þurfa að hafa náð við lok hvers námsáfanga. Síðan eru birtir verkefnalistar með dæmum um viðfangsefni í hverjum námsáfanga. Á eftir verkefnalistunum er prófkröfum á áfangaprófum lýst með völdum dæmum og gerð grein fyrir flutningsmáta tónstiga og hljóma. Í lok námskrárinnar er skrá með samleiksverkum, auk ábendinga um gagnlegar bækur varðandi hljóðfærið.

Rétt er að benda á að flokkun viðfangsefna í námsáfangana er ekki einhlít, sum þeirra hæfa nemendum á mörkum áfanga og einnig geta ýmis sígild verk úr grunn- og miðnámi hentað sem viðfangsefni í framhaldsnámi. Hér er það kennara að vega og meta. Aðalatriðið er ekki hvað nemandinn leikur, heldur hvernig hann gerir það.

## Nokkur atriði varðandi nám á fiðlu

Fiðlan er minnst í fjölskyldu strokhljóðfæranna en jafnframt langfjölmennasta hljóðfærið í sinfóníuhljómsveit. Fiðlan þróaðist út frá ýmsum strengjahljóðfærum miðalda. Þessari þróun lauk um miðja 16. öld og hefur fiðlan lítið breyst síðan að öðru leyti en því að hálsinn hefur verið lengdur og innviðir styrktir til þess að ná megi meiri tónstyrk. Þróun bogans í núverandi mynd tók hins vegar lengri tíma, eða til loka 18. aldar.

Hefðbundið fiðlunám getur hafist þegar börn eru 4 til 6 ára. Árangur námsins er ákaflega einstaklingsbundinn og eru þess mörg dæmi að börn, sem byrja eldri, nái góðum árangri. Mikilvægt er að stærð hljóðfæris hæfi líkamsþroska nemandans, stærð fiðlu og boga sé í réttum hlutföllum og að hvort tveggja sé í góðu ástandi. Góð líkamsstaða frá upphafi skiptir einnig sköpum.




8

9



Á liðnum áratugum hafa komið fram ýmsar aðferðir í tónlistarkennslu barna. Má þar nefna aðferðir kenndar við Kodály og Orff en einkum þó Suzuki-aðferðina sem náð hefur miklum vinsældum í fiðlukennslu ungra barna hér á landi. Sé fiðlunám hafið snemma geta nemendur lokið áföngum námsins fyrr en ella og þeir sem skara fram úr jafnvel enn fyrr. Þeir sem ljúka tónlistarskólanámi ungir standa betur að vígi en aðrir, einkum ef hugur þeirra stendur til langskólanáms og að leggja fyrir sig fiðluleik.

Fiðlunemendum er gagnlegt að kynnast víólu sem er náskyld fiðlunni og læra þá jafnframt að lesa nótur í C-lykli. Þessu má meðal annars finna stað í samleik.

## Grunnnám

Almennt er miðað við að nemendur, sem hefja nám í hljóðfæraleik 8 til 9 ára gamlir, ljúki grunnnámi á um það bil þremur árum. Þessi viðmiðun er þó engan veginn einhlít þar sem nemendur hefja nám á ýmsum aldri og námshraði getur verið mismunandi. Þar sem algengt er að fiðlunemendur hefji nám ungir má að sama skapi ætla að þeir ljúki grunnprófi yngri en nemendur á mörg önnur hljóðfæri.

### Markmið í grunnnámi

Uppbygging kennslu í grunnnámi skal taka mið af eftirfarandi: Meginmarkmiðum tónlistarskóla sem sett eru fram í almennum hluta aðalnámskrár, sértækum markmiðum einstakra greinanámskráa, sértækum markmiðum einstakra skóla og síðast en ekki síst áhuga og þörfum nemenda. Leiðir að markmiðum geta verið mismunandi og nemendur ólíkir. Þess vegna hlýtur uppbygging námsins ætíð að verða einstaklingsbundin og viðfangsefni breytileg. Það er hlutverk kennara að leiða hvern nemanda í átt að settu marki með viðeigandi viðfangsefnum.

Við lok grunnnáms eiga fiðlunemendur að hafa náð eftirfarandi markmiðum:

Nemandi

- beiti líkamanum á eðlilegan hátt þegar leikið er á hljóðfærið
- haldi rétt á hljóðfærinu, fiðlan sitji vel og örugglega og vinstri hönd sé frjáls
- hafi náð góðu og öruggu bogataki
- beiti boganum á eðlilegan og áreynslulausan hátt
- hafi náð tökum á góðri og vel uppbyggðri stöðu vinstri handar
- hafi náð tökum á góðri stöðu allra fingra vinstri handar
- hafi náð hröðum og jöfnum vinstri handar fingrahreyfingum
- hafi náð allgóðum tökum á mismunandi bogastrokum, þ.e. detaché, staccato, legato og martelé
- hafi náð allgóðum tökum á pizzicato
- hafi náð góðri tónmyndun á tónsviðinu g til d'''
- sýni góða kunnáttu í 1., 2. og 3. stillingu
- hafi náð allgóðum tökum á inntónun
- sýni skilning á meginþáttum tónmyndunar, þ.e. þunga og hraða bogans auk fjarlægðar hans frá stól
- hafi nokkur tök á vibrato
- geti leikið með greinilegum styrkleikabreytingum
- hafi náð grundvallartökum á að stilla hljóðfæri sitt sjálfur

Nemandi

- hafi öðlast allgott hrynskyn
- geti lesið og leikið án undirbúnings verkefni sambærileg þeim sem fengist var við í fyrri hluta grunnnáms
- hafi þjálfast reglulega í að leika utanbókar
- hafi þjálfast reglulega í að leika eftir eyra
- hafi fengist við skapandi starf frá upphafi námsins
- hafi þjálfast í ýmiss konar samleik
- hafi farið yfir viðunandi fjölda verkefna
- hafi fengist við fjölbreytt úrval verkefna
- hafi á valdi sínu eftirtalda dúrtónstiga, tvær áttundir: G, D, A, B, C
- hafi á valdi sínu eftirtalda hljómhæfa og laghæfa molltónstiga, tvær áttundir: e, h, d, g, a
- hafi á valdi sínu krómatískan tónstiga í 1. stillingu
- hafi þjálfast í leik eftirtalinna þríhljóma, tvær áttundir: c-moll og C-dúr, d-moll og D-dúr, e-moll og E-dúr, g-moll og G-dúr, a-moll og A-dúr, b-moll og B-dúr, h-moll og H-dúr
- hafi undirbúið prófverkefni til flutnings á grunnprófi samkvæmt þessari námskrá




10


11

Nemandi sýni eftirfarandi atriði í þeim mæli sem eðlilegt getur talist við lok grunnnáms:

- tilfinningu fyrir túlkun og hendingamótun
- blæbrigði og andstæður
- þekkingu og skilning á stíl
- tilfinningu fyrir samleik
- öruggan og sannfærandi leik
- persónulega tjáningu
- viðeigandi framkomu

## Verkefnalisti í grunnnámi

Hér á eftir fara nokkur sýnishorn viðfangsefna nemenda í grunnnámi. Listinn er alls ekki tæmandi og er honum einkum ætlað að vera til viðmiðunar við skipulagningu hljóðfæranámsins, meðal annars við val annars kennsluefnis. Þyngdarstig viðfangsefnanna er breytilegt, þ.e. allt frá kennsluefni fyrir byrjendur til viðfangsefna sem henta við lok grunnnáms.

Listinn er tvískiptur: annars vegar kennslubækur og æfingar, hins vegar tónverk og safnbækur. Raðað er eftir stafrófsröð höfunda og útgefanda getið fyrir neðan titil verks eða bókar. Í einstaka tilfellum kunna hlutar kennslubóka eða tónverka að vera erfiðari en hæfir þessum námsáfanga. Af þessari ástæðu er sömu viðfangsefna einnig í nokkrum tilvikum getið í fleiri en einum áfanga.

### Kennslubækur og æfingar

APPELBAUM, SAMUEL
Scales for Strings, 1. og 2. hefti
*Belwin Mills*
Orchestral Bowing Etudes
*Belwin Mills*
String Builder, 1.–3. hefti
*Belwin Mills*
Building Technic with Beautiful Music, 1.–3. hefti
*Belwin Mills*

DOFLEIN, ERIK OG ELMA
Das Geigen-Schulwerk, 1.–3. hefti
*Schott*

GIVENS, SHIRLEY
Adventures in Violinland:
„Red Book", fyrir fyrsta ár, sex hefti
„Blue Book", fyrir annað ár, sex hefti
„Yellow Book", fyrir þriðja ár, sex hefti
*Seesaw Music Corporation*

GÍGJA JÓHANNSDÓTTIR
Fyrstu fiðlugripin og lögin, 1. og 2. hefti
*Gígja Jóhannsdóttir*





KINSEY, H.
Elementary Progressive Studies, 1. og 2. hefti
*Associated Board*

KÜCHLER, FERDINAND
100 Etuden, op. 6, 1. hefti
[40 æfingar]
*Hug/Peters*

MÜLLER, F.
28 Etudes for Strings
*Belwin Mills*

ŠEVČIK, OTOKAR
School of Bowing Technic, op. 2, I. hluti
*Schott*

SEYBOLD, A.
Die leichtesten Etüden, 1. hefti
*Schott*

STARR, WILLIAM
Variations on Suzuki Melodies, Technique Builder for Violin
*Summy-Birchard Music*

STEADMAN, JACK (ÚTG.)
Violin Scales and Arpeggios: Grades 1–5
*Associated Board*

SUZUKI, SHINICHI
Position Etudes
[bls. 1–20]
*Summy-Birchard*
Tonalization
*Summy-Birchard*

WOHLFAHRT, F.
Elementar Etüden, op. 54
*Peters*

WOOF, R.
Thirty Studies
[úrval]
*Associated Board*

ZILVAY, GÉSA
Violin ABC
*Fazer*

### Tónverk og safnbækur

Eftirfarandi tónverk og safnbækur eru fyrir fiðlu og hljómborðsundirleik nema annað sé tekið fram.

ALETTER, W.
Rendez-vous
*Bosse Edition*

AVSHARIAN, EVELYN (ÚTG.)
Fun with Solos, favorite recital pieces in 1.–3. position
*Children's Music Series*

BARTÓK, BÉLA
Zehn Slowakische Volkslieder
*Editio Musica Budapest*

BAY, BILL
Mel Bay's Favorite Classics
*Mel Bay*

BENTZON, CHRISTY / BÜLOW, GERDA VON
To på samme trin, 24 kendte melodier for violin og klaver
*Engstrøm & Sødring Musikforlag*

BOYLE, RORY
Creatures left behind by the Ark, seven easy pieces for violin and piano
*Associated Board*

CARSE, ADAM
Fiddle Fancies, seven short pieces for violin and piano
*Stainer & Bell*

COCKBURN, NOWELL (ÚTS.)
Liederland
*Boosey & Hawkes*

HAFLIÐI HALLGRÍMSSON
6 Nordic Impressions
*Ricordi*

HÄNDEL, GEORG FRIEDRICH / LLOYD, C. H.
Hornpipe from the Water Music
*Associated Board*

HERFURTH, PAUL C.
A collection of 43 famous compositions
*The Willis Music Co.*

KABALEVSKY, DMITRI
Albumstücke
*Peters*

KAYSER, PAUL DE / WATERMAN, FANNY
The Young Violinist's Repertoire, 1.–4. hefti
*Faber*

KÜCHLER, FERDINAND
Concertino í D-dúr, op. 12
*Bosse Edition*
Concertino, í D-dúr, op. 15
*Bosse Edition*

MOKRY, J.
Concertino í G-dúr
*Bosse Edition*

MURRAY, ELEANOR / TATE, PHILLIS
More Tunes for my Violin
*Boosey & Hawkes*

NELSON, SHEILA M.
Right from the Start
*Boosey & Hawkes*
Moving up
*Boosey & Hawkes*

RIEDING, OSCAR
Rondo op. 22, nr. 3
*Bosse Edition*
Air Varié op. 23, nr. 3
*Bosse Edition*
Concertino op. 34–36
*Bosse Edition*

SANDERS, MARY
The Junior Accompanist
*Novello*

SCHOSTAKOVICH, DIMITRI
Die aufgezogene Puppe
*Peters*

SCHUBERT, FRANZ
Entracte from Rosemunde nr. 2
[nr. 11 í Composition and Arrangements]
*Associated Board*

SEITZ, F.
Concertino op. 13 í G-dúr
*Heinrichshofen*

SUZUKI, SHINICHI
Suzuki Violin School, 1.–3. hefti
*Summy-Birchard*

TIBOR, SÁRAN
Small Suite
*Editio Musica Budapest*

WHISTLER, H. S.
Melodies in First Position
*Rubank*
Solos for Strings
*Rubank*

WHISTER, H. S. / HUMMEL, H. A.
First Solo Album
*Rubank*

ÝMSIR
Evening of Violin Classics, a collection of easy music in the first three positions
*Schirmer*

Everybody's Favorite Series no. 24, first position violin pieces
*Amsco*

Fiddlers' Choice, Grade 4 Lower
*Associated Board*

Klassische Stücke - Classical Pieces - Morceaux Classiques, 1. og 2. hefti
*Peters*

Violin Intermezzo Album
[1.- 3. stilling]
*Bosse Edition*

## Grunnpróf

Við lok grunnnáms skulu nemendur þreyta grunnpróf, annars vegar í hljóðfæraleik og hins vegar í tónfræðagreinum. Í kafla um áfangapróf í almennum hluta aðalnámskrár tónlistarskóla, bls. 33–44, er að finna umfjöllun um áfangapróf, þ.m.t. tilgang, skipulag, prófþætti og vægi þeirra, lengd prófa, prófreglur, prófdæmingu og einkunnagjöf. Mikilvægt er að allir, sem hlut eiga að máli, kynni sér þessi atriði vandlega.

### Verkefni og prófkröfur

Á grunnprófi í fiðluleik skal nemendi leika þrjú verk og eina æfingu.


14



Aðrir prófþættir eru tónstigar og brotnir hljómar, val og óundirbúinn nótnalestur, auk þess sem gefið er fyrir heildarsvip prófsins. Á grunnprófi velja nemendur á milli þess að (a) spinna út frá gefnu upphafi, einföldu hljómferli eða lagi, (b) leika frumsamið verk eða eigin útsetningu og (c) leika stutt alþýðulag eða þjóðlag sem þeir hafa lært eftir eyra. Frekari umfjöllun um valþátt prófsins er að finna í almennum hluta aðalnámskrár tónlistarskóla, bls. 43. Nánar er gerð grein fyrir vægi einstakra prófþátta á bls. 37 í sama riti.

Hér á eftir eru fyrst birt dæmi um prófverkefni á grunnprófi, valin úr þekktum tónbókmenntum hljóðfærisins. Síðan eru birt fyrirmæli um fjölda og leikmáta tónstiga og hljóma á grunnprófi.

### *Tónverk og æfingar*

Eftirfarandi dæmum um prófverkefni á grunnprófi er ætlað að skilgreina þyngdarstig prófsins. Fullt eins má velja önnur verkefni af sambærilegri þyngd.

#### *Dæmi um tónverk*

KÜCHLER, FERDINAND
Concertino op. 15 í D-dúr, 1. kafli
*Bosse Edition*

HAFLIÐI HALLGRÍMSSON
Rura, Rura
Úr: 6 Nordic Impressions
*Ricordi*

BRAHMS, JOHANNES
Ungverskur dans
Úr: Avsharian, E.: Fun with Solos
*Children's Music Series*

SEITZ, F.
Concertino op. 13 í G-dúr
*Heinrichshofen*

RIEDING, OSCAR
Air Varié op. 23, nr. 3
*Bosse Edition*

BARTÓK, BÉLA
Smálag
Úr: Zehn Slowakische Volkslieder
*Editio Musica Budapest*

#### *Dæmi um æfingar*

Æfing nr. 14
Úr: Applebaum, Samuel:
Orchestral Bowing Etudes
*Belwin Mills*

Æfing nr. 28
Úr: Küchler, Ferdinand:
100 Etudes for the Violin
*Peters/Hug*


15

### *Tónstigar og brotnir hljómar*

Undirbúa skal tónstiga og brotna hljóma í samræmi við markmið grunnnáms, bls. 11. Úr því efni velji kennari og nemandi til prófs samkvæmt nánari fyrirmælum hér á eftir. Fyrir upphaf prófs skal leggja fram lista yfir þá tónstiga og hljóma sem undirbúnir hafa verið. Í prófinu velur prófdómari þá tónstiga og hljóma sem leiknir eru.

#### Efni

Nemandi geti leikið
- krómatískan tónstiga í 1. stillingu
- tvo dúrtónstiga, tvær áttundir
- tvo laghæfa molltónstiga, tvær áttundir
- þríhljóma (moll og samnefndan dúr), tvær áttundir, í þeim fjórum tóntegundum sem valdar eru til prófs

#### Leikmáti og hraði

Nemandi
- leiki krómatískan tónstiga legato
- geti leikið hvern tónstiga ásamt hljómum með tveimur til þremur mismunandi bogastrokum
- geti leikið tónstiga og hljóma bæði hægt og hratt
- leiki hraðasta tónstigann eigi hægar en M.M. ♩ = 86, miðað við að leiknar séu áttundapartsnótur
- leiki tónstiga og hljóma hiklaust og utanbókar

## Miðnám

Í miðnámi eykst umfang námsins frá því sem er í grunnnámi og ætla má að námstíminn lengist að sama skapi. Miðað er við að nemendur geti lokið miðnámi á um það bil fjórum til fimm árum en námshraði getur þó verið mismunandi. Ræður þar miklu ástundun, aldur og þroski nemenda.

### Markmið í miðnámi

Uppbygging kennslu í miðnámi skal taka mið af eftirfarandi: Meginmarkmiðum tónlistarskóla sem sett eru fram í almennum hluta aðalnámskrár, sértækum markmiðum einstakra greinanámskráa, sértækum markmiðum einstakra skóla og síðast en ekki síst áhuga og þörfum nem-


16



enda. Leiðir að markmiðum geta verið mismunandi og nemendur ólíkir. Þess vegna hlýtur uppbygging námsins ætíð að verða einstaklingsbundin og viðfangsefni breytileg. Það er hlutverk kennara að leiða hvern nemanda í átt að settu marki með viðeigandi viðfangsefnum.

Við lok miðnáms eiga fiðlunemendur að hafa náð eftirfarandi markmiðum:

Nemandi
- beiti líkamanum á eðlilegan hátt þegar leikið er á hljóðfærið
- haldi eðlilega á fiðlu og boga
- hafi náð tökum á eðlilegum og áreynslulausum hreyfingum handleggja
- hafi gott vald á detaché, staccato, legato og martelé
- hafi allgott vald á spiccato, ricochet og colle
- hafi gott vald á pizzicato
- ráði við léttleika í stroki og hröð strengjaskipti
- hafi á valdi sínu mismunandi hraða og styrkleika í bogastrokum
- beiti öruggum og markvissum vinstri handar fingrahreyfingum
- hafi náð góðum tökum á inntónun
- hafi náð töluverðri leikni í tvígripum í þríundum, sexundum og áttundum
- hafi náð tökum á þjálum skiptum milli stillinga
- hafi góða þekkingu á hærri stillingum
- hafi náð tökum á vibrato og beiti því við túlkun
- geti gert styrkleikabreytingar og andstæður augljósar
- geti stillt hljóðfæri sitt sjálfur

Nemandi
- hafi öðlast gott hrynskyn
- geti lesið og leikið án undirbúnings verkefni sambærileg þeim sem fengist var við í fyrri hluta miðnáms
- hafi þjálfast reglulega í að leika utanbókar
- hafi lagt stund á ýmiss konar samleik, þ.m.t. hljómsveitarleik og kammertónlist
- hafi farið yfir viðunandi fjölda verkefna
- hafi fengist við fjölbreytt úrval verkefna
- geti leikið krómatískan tónstiga á tónsviðinu frá g til d'''


17

- hafi á valdi sínu a.m.k. sex dúrtónstiga í þremur áttundum
- hafi á valdi sínu a.m.k. sex hljómhæfa og laghæfa molltónstiga í þremur áttundum
- hafi á valdi sínu þríhljómaraðir sem tengjast framangreindum dúr- og molltóntegundum, sbr. dæmi á bls. 23–24; leika skal alla hljóma hverrar raðar frá grunntóni fyrsta hljóms[1]
- hafi þjálfast í leik flaututóna í dúr- og laghæfum tónstigum upp í 3. stillingu
- hafi þjálfast í leik gangandi þríunda í dúr- og laghæfum molltónstig-um upp í 6. stillingu
- hafi þjálfast í leik tvígripa í þríundum, sexundum og áttundum í dúr- og molltónstigum, í tveimur áttundum þar sem mögulegt er innan tónsviðsins g til d''', annars í einni áttund
- hafi undirbúið prófverkefni til flutnings á miðprófi samkvæmt þessari námskrá

Nemanda hafi gefist kostur á að velja hvort og að hversu miklu leyti hann sinnir eftirfarandi atriðum:

- leik eftir eyra
- tónsköpun
- spuna

Nemandi sýni eftirfarandi atriði í þeim mæli sem eðlilegt getur talist við lok miðnáms:

- tilfinningu fyrir túlkun og hendingamótun
- ýmis blæbrigði og andstæður
- þekkingu og skilning á stíl
- tilfinningu fyrir samleik
- öruggan og sannfærandi leik
- persónulega tjáningu
- viðeigandi framkomu

## Verkefnalisti í miðnámi

Hér á eftir fara nokkur sýnishorn viðfangsefna nemenda í miðnámi. Listinn er alls ekki tæmandi og er honum einkum ætlað að vera til viðmiðunar við skipulagningu hljóðfæranámsins, meðal annars við val

1 Í hverri hljómaröð skulu vera eftirfarandi hljómar: i, I, vi, IV, iv, $i^{07}$, $V^7$/IV


18



annars kennsluefnis. Þyngdarstig viðfangsefnanna er breytilegt, þ.e. allt frá kennsluefni, sem hentar við upphaf miðnáms, til efnis sem hæfir við lok námsáfangans.

Listinn er tvískiptur: annars vegar kennslubækur og æfingar, hins vegar tónverk og safnbækur. Raðað er eftir stafrófsröð höfunda og útgefanda getið fyrir neðan titil verks eða bókar. Í einstaka tilfellum kunna hlutar kennslubóka eða tónverka að vera léttari eða erfiðari en hæfir þessum námsáfanga. Af þessari ástæðu er sömu viðfangsefna einnig í nokkrum tilvikum getið í fleiri en einum áfanga.

### Kennslubækur og æfingar

DONT, J.
24 Studies op. 37 in preparation for Kreutzer and Rode etudes
*IMC/Peters*

GALAMIAN, I.
Contemporary Violin Technique, 1. hefti
*Galaxy Music Corporation*

HRIMALY, J.
Scale-Studies for Violin
*Schirmer/Carl Fischer*

MAZAS, J. F.
Etýður op. 36, 1. hefti
*IMC/Peters*

SCHRADIECK, H.
School of Violin-Technics, 1.–3. hefti
*Carl Fischer*

ŠEVČIK, O.
Preparatory Exercises in Double Stopping, op. 9
*Schirmer*
School of Violin Technics, Exercises in the first position, op. 1, I. hefti
*Schirmer*
Second to Seventh Positions, op. 1, II. hefti
*Schirmer*

ŠEVČIK, O.
School of Bowing Technic, op. 2, II.–IV. hefti
*Schirmer*
Shifting the Position and Preparatory Scale-Studies, op. 8
*Schirmer*
40 Variations, op. 3
*Bosworth Edition*

TROTT, J.
Melodious Double-Stops, 1. og 2. hefti
*Schirmer*

WHISTLER, H. S.
Developing Double-Stops
*Rubank*
Preparing for Kreutzer, 1. og 2. hefti
*Rubank*
Introducing the Positions, 1. hefti
[fimmta stilling – frá bls. 30]
*Rubank*
Introducing the Positions, 2. hefti
[önnur, fjórða, sjötta og sjöunda stilling]
*Rubank*

WOHLFAHRT, FRANZ
60 æfingar, op. 45
*Schirmer*


19

## Tónverk og safnbækur

Eftirfarandi tónverk og safnbækur eru fyrir fiðlu og hljómborðsundirleik nema annað sé tekið fram.

ACCOLAY, JEAN BATISTE
Konsert í a-moll
*IMC*

BACH, JOHANN SEBASTIAN
Konsert í a-moll
*IMC*

DANCLA, CHARLES
Six Airs Variés
*Carl Fischer*

DVOŘÁK, ANTONIN
Sónatína op. 100
*IMC*

FIOCCO, J.
Allegro
*IMC*

HÄNDEL, G. F.
Sónötur í F-dúr, D-dúr og g-moll
*Henle*

HALLGRÍMUR HELGASON
Sónata (nr. 1)
*Menningarsjóður*

HAYDN, JOSEPH
Konsert í G-dúr
*Henle*

JÓN NORDAL
Systur í Garðshorni
*Íslensk tónverkamiðstöð*

KABALEVSKY, DIMITRI
18 Album Pieces
*Kalmus*

MONTI, V.
Czardas
*Carl Fischer*

NARDINI, P.
Konsert í e-moll
*IMC*

NELSON, SHEILA M.
Romantic Violinist
*Boosey & Hawkes*

PERLMAN, GEORG (ÚTG.)
Violinist's Recital Album
*Carl Fischer*
Let Us Have Music, 1. og 2. hefti
*Carl Fischer*

PERLMAN, GEORG (ÚTG.)
Violinist's Contest Album
*Carl Fischer*
Violinist's First Solo Album, 2. hefti
*Carl Fischer*

RIEDING, OSCAR
Úrval konserta
*Bosworth Edition*

SCHUBERT, FRANZ
Sónatína í D-dúr, op. 1
*Henle*

SEITZ, FREDERICK
Konsert í g-moll, op. 12
*Carl Fischer*
Konsert í D-dúr, op. 15
*Heinrichshofen*

SHOSTAKOVICH, DIMITRI
Albumstücke
*Peters*

SITT, HENRI
Concertino op. 70 í a-moll
*Bosworth Edition*

STAMITZ, KARL
Konsert í B-dúr
*Breitkopf & Härtel*

SUZUKI, SHINICHI
Suzuki Violin School, 4.–6. hefti
*Summy-Birchard*

SVEINBJÖRN SVEINBJÖRNSSON
Lyriske stykker for violin og piano
*Wilhelm Hansen*
[eintök varðveitt í Landsbókasafni Íslands - Háskólabókasafni]
Moment musical í F-dúr
[handrit (Lbs 619 fol) varðveitt í Landsbókasafni Íslands - Háskólabókasafni]
Saga – A Musical Sketch for Violin and Pianoforte
*The London Music Publ. Co.*
[eintök varðveitt í Landsbókasafni Íslands - Háskólabókasafni]

TELEMANN, G. PH.
Fantasíur nr. 9 í h-moll og 10 í D-dúr
úr: 12 fantasíur fyrir einleiksfiðlu
*IMC*


20



VIVALDI, ANTONIO
Konsert op. 12, nr. 1 í g-moll
*IMC*
Konsert op. 3, nr. 12 í E-dúr
*Peters*
Konsert í G-dúr
*Schott*
Konsert í A-dúr
*Schott*
Konsert í d-moll
*Schott*

ÝMSIR
World's Favorite Intermediate Violin Pieces, No. 92
[úrval]
*Ashley Publications*

ÞÓRARINN JÓNSSON
Tvö lög
*Íslensk tónverkamiðstöð*

## Miðpróf

Við lok miðnáms skulu nemendur þreyta miðpróf, annars vegar í hljóðfæraleik og hins vegar í tónfræðagreinum. Í kafla um áfangapróf í almennum hluta aðalnámskrár tónlistarskóla, bls. 33–44, er að finna umfjöllun um áfangapróf, þ.m.t. tilgang, skipulag, prófþætti og vægi þeirra, lengd prófa, prófreglur, prófdæmingu og einkunnagjöf. Mikilvægt er að allir, sem hlut eiga að máli, kynni sér þessi atriði vandlega.

### Verkefni og prófkröfur

Á miðprófi í fiðluleik skal nemandi leika þrjú verk og eina æfingu. Aðrir prófþættir eru tónstigar og brotnir hljómar, val og óundirbúinn nótnalestur, auk þess sem gefið er fyrir heildarsvip prófsins. Á miðprófi velja nemendur á milli þess að (a) leika tónverk að eigin vali af sambærilegri þyngd og önnur prófverkefni, (b) leika frumsamið verk eða eigin útsetningu og (c) spinna út frá gefnu upphafi, lagi eða hljómferli með eða án undirleiks. Frekari umfjöllun um valþátt prófsins er að finna í almennum hluta aðalnámskrár tónlistarskóla, bls. 43. Nánar er gerð grein fyrir vægi einstakra prófþátta á bls. 38–39 í sama riti.

Hér á eftir eru fyrst birt dæmi um prófverkefni á miðprófi, valin úr þekktum tónbókmenntum hljóðfærisins. Síðan eru birt fyrirmæli um fjölda og leikmáta tónstiga og hljóma á miðprófi.

#### *Tónverk og æfingar*

Eftirfarandi dæmum um prófverkefni á miðprófi er ætlað að skilgreina þyngdarstig prófsins. Fullt eins má þó velja önnur verkefni af sambærilegri þyngd.


21

### *Dæmi um verk*

BACH, J. S.
Fiðlukonsert í a-moll, 1. kafli
*IMC*

MONTI, V.
Czardas
*Carl Fischer*

ÞÓRARINN JÓNSSON
Meditation
Úr: Tvö lög
*Íslensk tónverkamiðstöð*

SEITZ, F.
Fiðlukonsert í g-moll op. 12, 1. kafli
*Bosworth Edition*

HÄNDEL, GEORG FRIEDRICH
Sónata í F-dúr, 1. og 2. kafli
*Henle*

MOZART, W. A.
Rondo í D-dúr
Úr: Gingold, J.: Solos for the Violin Player
*Schirmer*

### *Dæmi um æfingar*

Æfing nr. 18
Úr: Mazas, J. F.: Etýður op. 36
*IMC/Peters*

Æfing nr. 20
Úr: Dont, J.: 24 Studies op. 37
*IMC/Peters*

## *Tónstigar og brotnir hljómar*

Undirbúa skal tónstiga og brotna hljóma í samræmi við markmið miðnáms, bls. 17–18. Úr því efni velji kennari og nemandi til prófs samkvæmt nánari fyrirmælum hér á eftir. Fyrir upphaf prófs skal leggja fram lista yfir þá tónstiga og hljóma sem undirbúnir hafa verið. Í prófinu velur prófdómari þá tónstiga og hljóma sem leiknir eru.

### Efni

Nemandi geti leikið

- krómatískan tónstiga á tónsviðinu g til d'''
- tvo dúrtónstiga, þrjár áttundir
- einn hljómhæfan molltónstiga, þrjár áttundir
- einn laghæfan molltónstiga, þrjár áttundir
- tvær þríhljómaraðir sem tengjast tveimur þeirra dúr- og molltóntegunda sem valdar eru til prófs, þrjár áttundir, sbr. dæmi á bls. 23–24; leika skal alla hljóma hverrar raðar frá grunntóni fyrsta hljóms[2]
- gangandi þríundir upp í 6. stillingu í sömu dúr- og laghæfu molltóntegundum sem undirbúnar eru fyrir prófið
- flaututóna í einum dúrtónstiga upp í 3. stillingu

2 Í hverri hljómaröð skulu vera eftirfarandi hljómar: i, I, vi, IV, iv, $\text{i}^{07}$, $\text{V}^{7}$/IV





- tvígrip í tveimur áttundum þar sem mögulegt er innan tónsviðsins g til d''', annars í einni áttund:
  - þríundir í einni dúrtóntegund
  - þríundir í einni hljómhæfri eða laghæfri molltóntegund
  - sexundir í einni dúrtóntegund
  - áttundir í einni dúrtóntegund og einni laghæfri molltóntegund

### Leikmáti og hraði

Nemandi

- leiki krómatískan tónstiga legato
- geti leikið dúr- og molltónstiga með mismunandi hraða og bogastrokum, s.s. spiccato, martelé og detaché; einn tónstigann skal leika upp í 7.– 8. stillingu
- leiki hljóma bundið, þrjár nótur á hvern boga
- leiki hraðasta tónstigann eigi hægar en M.M. ♩ = 144, miðað við að leiknar séu áttundapartsnótur
- leiki gangandi þríundir frá grunntóni upp á grunntón og niður aftur; heimilt er þó að fara þríund upp fyrir efri grunntón og einn tón niður fyrir neðri grunntón
- leiki flaututóna frá grunntóni upp á grunntón og niður aftur
- leiki þríundatvígrip þannig að neðri upphafsnóta sé grunntónn og efri upphafsnóta þríund ofar
- leiki sexundatvígrip þannig að efri upphafsnóta sé grunntónn og neðri upphafsnóta sexund neðar
- leiki tónstiga og hljóma hiklaust og utanbókar

Dæmi

Hljómaröð frá c






## Framhaldsnám

Framhaldsnám tekur við að loknu miðnámi. Hér er um umfangsmikinn námsáfanga að ræða og miðast lok framhaldsnáms við að nemendur séu undir það búnir að takast á við tónlistarnám á háskólastigi.

Gera verður ráð fyrir að námstími í framhaldsnámi sé einstaklingsbundinn og ræður þar miklu ástundun, aldur, þroski og hæfileikar nemenda. Miðað er við að unnt sé að ljúka þessum áfanga á um það bil fjórum árum. Afburðanemendur ættu að geta lokið náminu á skemmri tíma en einnig getur lengri námstími verið eðlilegur.

### Markmið í framhaldsnámi

Uppbygging kennslu í framhaldsnámi skal taka mið af eftirfarandi: Meginmarkmiðum tónlistarskóla sem sett eru fram í almennum hluta aðalnámskrár, sértækum markmiðum einstakra greinanámskráa, sértækum markmiðum einstakra skóla og síðast en ekki síst áhuga og þörfum nemenda. Leiðir að markmiðum geta verið mismunandi og nemendur ólíkir. Þess vegna hlýtur uppbygging námsins ætíð að verða einstaklingsbundin og viðfangsefni breytileg. Það er hlutverk kennara að leiða hvern nemanda í átt að settu marki með viðeigandi viðfangsefnum.


24



Við lok framhaldsnáms eiga fiðlunemendur að hafa náð eftirfarandi markmiðum:

**Nemandi**

- beiti líkamanum á eðlilegan hátt þegar leikið er á hljóðfærið
- hafi náð mjög góðum tökum á eðlilegri og vel þjálfaðri stöðu beggja handa og samhæfðum hreyfingum
- sýni leikni og hraða í mismunandi bogastrokum
- ráði yfir þjálum bogaskiptum, strengjaskiptum og stillingaskiptum
- beiti lipurri, jafnri og styrkri fingratækni og hafi mikinn hraða á valdi sínu
- hafi mjög gott vald á tvígripum í þríundum, ferundum, sexundum, áttundum og tíundum
- hafi kynnst öllum öðrum tvígripum
- geti leikið tvígrip uppi í efstu stillingum og sýni mýkt í stillinga-, strengja- og bogaskiptum
- hafi náð mjög góðum tökum á inntónun
- sýni fjölbreytta notkun vibrato með hliðsjón af stíl
- ráði yfir víðu styrkleikasviði hvar sem er á tónsviði hljóðfærisins
- geti dregið fram andstæður og ólík blæbrigði og beitt til þess viðeigandi bogatækni

**Nemandi**

- hafi öðlast mjög gott hrynskyn
- hafi mjög góð tök á nótnalestri miðað við kröfur þessa námsáfanga
- geti lesið og leikið án undirbúnings verkefni sambærileg þeim sem fengist var við á miðprófi
- hafi fengið reglulega þjálfun í að leika utanbókar
- hafi lagt stund á ýmiss konar samleik, þ.m.t. kammertónlist og hljómsveitarleik
- hafi farið yfir viðunandi fjölda verkefna
- hafi fengist við fjölbreytt úrval verkefna
- geti leikið krómatískan tónstiga á öllu tónsviði fiðlunnar
- hafi þjálfast í leik allra dúrtónstiga, hljómhæfra og laghæfra molltónstiga, fjórar áttundir þar sem mögulegt er, annars þrjár áttundir
- hafi þjálfast í leik hljómaraða sem tengjast öllum dúr- og molltóntegundum, sbr. dæmi á bls. 32–33; leika skal alla hljóma hverrar raðar frá grunntóni fyrsta hljóms[3]

3 Í hverri hljómaröð skulu vera eftirfarandi hljómar: i, I,♭VI, I+, vi, IV, iv, $i^{07}$, $V^7$/IV


25

- hafi þjálfast í leik flaututóna í dúr og moll á öllu tónsviði fiðlunnar
- hafi þjálfast í leik gangandi þríunda í dúr og moll
- hafi undirbúið prófverkefni til flutnings á framhaldsprófi samkvæmt þessari námskrá
- hafi undirbúið efnisskrá til flutnings á tónleikum samkvæmt almennum hluta aðalnámskrár, bls. 41–42

Nemandi sýni með ótvíræðum hætti
- tilfinningu fyrir túlkun og hendingamótun
- margvísleg blæbrigði og andstæður
- þekkingu og skilning á stíl
- tilfinningu fyrir samleik
- öruggan og sannfærandi leik
- persónulega tjáningu
- viðeigandi framkomu

## Verkefnalisti í framhaldsnámi

Hér á eftir fara nokkur sýnishorn viðfangsefna nemenda í framhaldsnámi. Listinn er alls ekki tæmandi og er honum einkum ætlað að vera til viðmiðunar við skipulagningu hljóðfæranámsins, meðal annars við val annars kennsluefnis. Þyngdarstig verkefnanna er breytilegt, þ.e. allt frá kennsluefni, sem hentar við upphaf framhaldsnáms, til efnis sem hæfir við lok námsáfangans.

Listinn er þrískiptur: æfingar, tónverk og útdrættir úr hljómsveitarverkum. Raðað er eftir stafrófsröð höfunda og útgefanda getið fyrir neðan titil verks eða bókar. Í einstaka tilfellum kunna hlutar kennslubóka eða tónverka að vera léttari eða erfiðari en hæfir þessum námsáfanga. Af þessari ástæðu er sömu viðfangsefna einnig í nokkrum tilvikum getið í fleiri en einum áfanga.

### Æfingar

CAMPAGNOLI, B.
7 Divertimenti, op. 18
*Peters*

DONT, J.
Etuden und Caprices, op. 35
*Peters*


26



FIORILLO, F.
36 Caprices for violin
*IMC*

FLESCH, CARL
Scale system
*Carl Fischer*

GALAMIAN, IVAN
Contemporary Violin Technique
1. Scale and arpeggio exercises with bowing and rhythm patterns
2. Double and multiple stops
*Galaxy Music Corporation*

GAVINIÈS, P.
24 Studies
*IMC*

GILELS, ELISABETH
Daily exercises for the violinist
*Sikorski*

KREUTZER, R.
42 Studies
*IMC*

MARKOV, A.
Violin Technique
*Schirmer*

MAZAS, J. F.
Etudes op. 36, tvö hefti
*IMC*

PAGANINI, N.
24 Caprices
*IMC*

RICCI, RUGGIERO
Left Hand Violin Technique
*Schirmer*

RODE, P.
24 Caprices
*IMC*

SCHRADIECK, H.
School of Violin Technics, 1.– 3. hefti
*Schirmer*
Scale Studies for the Violin
*Schirmer*

ŠEVČIK, O.
School of Violin Technique op. 1, 3. og 4. hefti
*Bosworth Editiom*
School of bowing technique op. 2, 4.–6. hefti
*Bosworth Edition*
40 Variations, op. 3
*Bosworth Edition*

YOST, G.
The Yost System
*Boston Music Co.*

ZUKOFSKY, PAUL
All-Interval Scale Book
*Schirmer*

### Tónverk

Eftirfarandi tónverk eru fyrir fiðlu og hljómborðsundirleik nema annað sé tekið fram.

ÁRNI BJÖRNSSON
Rómanza, op. 6
*Menningarsjóður*
Rómanza, op. 14
*Menningarsjóður*

ÁSKELL MÁSSON
Teikn fyrir einleiksfiðlu
*Menningarsjóður*

BACH, JOHANN SEBASTIAN
Konsert nr. 2 í E-dúr
*IMC*
Sex sónötur fyrir fiðlu og píanó (sembal)
*Henle*
Sex sónötur og partítur fyrir einleiksfiðlu
*IMC*

BARTÓK, BÉLA
Sónatína
*Schirmer*
Hungarian Folksongs
*Editio Musica Budapest*

BARTÓK / SZÉKELY
Rumanische Volktanze
*Universal Edition*

BEETHOVEN, LUDWIG VAN
Tvær rómönzur op. 40 og 50
*IMC*
Sónötur
[úrval]
*Henle*


27

BENTZON, NILS VIGGO
Capricciettta
*Wilhelm Hansen*

BÉRIOT, CHARLES DE
Konsertar
[úrval]
*Peters*
Scéne de Ballet, op. 100
*Peters*

BLOCH, ERNEST
Baal Shem: 1. Vidui, 2. Nigun,
3. Simchas Torah
*Carl Fischer*

BRUCH, MAX
Konsert nr. 1 í g-moll, op. 26
*IMC*

CONUS, J.
Konsert í e-moll
*IMC*

CORELLI, ARCANGELO
Sónötur
[úrval]
*Peters*

DVOŘÁK, ANTONIN
Rómansa í f-moll, op. 11
*IMC*
Romantic Pieces, op. 75
*Editio Suprophon*

FJÖLNIR STEFÁNSSON
Sónata fyrir fiðlu og píanó
*Handrit hjá tónskáldinu*

GINGOLD, JOSEF
Solos for the Violin Player
*Schirmer*

GRIEG, EDVARD
Sónötur í F-dúr, G-dúr og c-moll
*Peters*

HALLGRÍMUR HELGASON
Sónötur
[úrval]
*Menningarsjóður*
Sónata fyrir einleiksfiðlu
*Menningarsjóður*
Rómanza
*Gígjan*
Tvö lög
*Gígjan*

HÄNDEL, GEORG FRIEDRICH
Sónötur
[úrval]
*Henle*

HAYDN, J.
Konsertar í C-dúr og A-dúr
*Peters*

HELGI PÁLSSON
Sex íslensk þjóðlög, op. 6
*Menningarsjóður*
Dans
*Íslensk tónverkamiðstöð*
Poem í íslenskum þjóðlagastíl
*Íslensk tónverkamiðstöð*
Svíta
*Íslensk tónverkamiðstöð*
Stef með tilbrigðum
*Menningarsjóður*
Vikivaki
*Íslensk tónverkamiðstöð*

JÓN NORDAL
Systur í Garðshorni
*Íslensk tónverkamiðstöð*
Sónata
*Íslensk tónverkamiðstöð*

JÓNAS TÓMASSON
Vetrartré fyrir einleiksfiðlu
*Íslensk tónverkamiðstöð*
Ballet IV fyrir einleiksfiðlu
*Íslensk tónverkamiðstöð*

JÓRUNN VIÐAR
Íslensk svíta fyrir fiðlu og píanó
*Íslensk tónverkamiðstöð*

KABALEVSKY, D.
Konsert í C-dúr, op. 48
*IMC*

KARL O. RUNÓLFSSON
Íslensk rímnalög, op. 12
*Menningarsjóður*
Sónata op. 14
*Íslensk tónverkamiðstöð*

KARÓLÍNA EIRÍKSDÓTTIR
In Vultus Solis fyrir einleiksfiðlu
*Íslensk tónverkamiðstöð*

KREISLER, FRITZ / PUGNANI
Preludium und Allegro
*Schott*
The Fritz Kreisler Collection
*Carl Fischer*
Úrval smáverka
*Schirmer*

LECLAIR, JEAN MARIE
Sónötur
[úrval]
*IMC*

MOZART, WOLFGANG AMADEUS
Konsertar
[úrval]
*Henle*
Sónötur
[úrval]
*Henle*


28

NOVÁCEK, OTTOKAR
Moto Perpetuo
*IMC*

PROKOFIEV, SERGE
5 Melodies, op. 35bis
*Boosey & Hawkes*

RODE, PIERRE
Konsertar
[úrval]
*Peters*

SAINT-SAËNS, C.
Havanaise, op. 83
*IMC*
Introduction and Rondo
Capriccioso, op. 28
*IMC*

SARASATE, PABLO DE
Zigeunerweisen, op. 20
*IMC*
Romanze Andaluza, op. 22
*IMC*

SCHUBERT, FRANZ
Sónatínur
[úrval]
*Henle*

SIBELIUS, JEAN
Sónatína, op. 80
*Wilhelm Hansen*

SIGURÐUR E. GARÐARSSON
Poem
*Íslensk tónverkamiðstöð*

SINDING, CHRISTIAN
Svíta, op. 10 í a-moll
*IMC*

SPOHR, LUDWIG
Konsertar
[úrval]
*Peters*

STRAVINSKY, IGOR
Suite Italienne
*Boosey & Hawkes*

SVEINBJÖRN SVEINBJÖRNSSON
Sónata í F-dúr
*Íslensk tónverkamiðstöð*

SVENDSEN, JOHAN
Rómanza, op. 26
*Wilhelm Hansen*

TELEMANN, GEORG PHILIPP
12 sónötur fyrir einleiksfiðlu
*Heinrichshofen*

VERACINI, FRANCESCO MARIA
Konsertar
[úrval]
*IMC*

VITALI, GIOVANNI BATTISTA
Chaconna í g-moll
*IMC*

VIVALDI, ANTONIO
Sónötur
[úrval]
*Editio Musica Budapest*
Árstíðirnar og úrval annarra
fiðlukonserta
*Schott*

WIENIAWSKI, HENRI
Scherzo-Tarantella, op. 16
*IMC*
Légende, op. 17
*IMC*

ÞORKELL SIGURBJÖRNSSON
G-suite
*Íslensk tónverkamiðstöð*

## Útdrættir úr hljómsveitarverkum

GINGOLD, JOSEF
Orchestral Excerpts, 1.–3. hefti
*IMC*

STRAUSS, RICHARD
Orchestral Excerpts from
Symphonic Works
*IMC*

ÝMSIR
Moderne Orchester-Studien für
Violine, 1.–2. hefti
*Schott*

Standard Repertoire Library, Violin
Excerpts
[úrval]
*Belwin Mills*


29

## Framhaldspróf

Framhaldspróf er lokapróf á námsferli í tónlistarskóla. Prófið er þríþætt; hljóðfærapróf, tónleikar og tónfræðapróf. Í kafla um áfangapróf í almennum hluta aðalnámskrár tónlistarskóla, bls. 33–44, er að finna umfjöllun um áfangapróf, þ.m.t. tilgang, skipulag, prófþætti og vægi þeirra, lengd prófa, prófreglur, prófdæmingu og einkunnagjöf. Umfjöllun um tónleika við lok framhaldsnáms er að finna á bls. 41–42 í sama riti. Mikilvægt er að allir, sem hlut eiga að máli, kynni sér þessi atriði vandlega.

### Verkefni og prófkröfur

Á framhaldsprófi í fiðluleik skal nemandi leika þrjú verk, útdrætti úr hljómsveitarverkum og eina æfingu. Aðrir prófþættir eru tónstigar og brotnir hljómar, val og óundirbúinn nótnalestur, auk þess sem gefið er fyrir heildarsvip prófsins. Á framhaldsprófi velja nemendur á milli þess að (a) leika tónverk að eigin vali af sambærilegri þyngd og önnur prófverkefni og (b) leika samleiksverk þar sem próftaki gegnir veigamiklu hlutverki. Frekari umfjöllun um valþátt prófsins er að finna í almennum hluta aðalnámskrár tónlistarskóla, bls. 44. Nánar er gerð grein fyrir vægi einstakra prófþátta á bls. 40 í sama riti.

Hér á eftir eru fyrst birt dæmi um prófverkefni á framhaldsprófi og útdrætti úr hljómsveitarverkum. Síðan eru birt fyrirmæli um fjölda og leikmáta tónstiga og hljóma á framhaldsprófi.

### *Tónverk, útdrættir úr hljómsveitarverkum og æfingar*

Eftirfarandi dæmum um prófverkefni á framhaldsprófi er ætlað að skilgreina þyngdarstig prófsins. Fullt eins má þó velja önnur verkefni af sambærilegri þyngd.

#### *Dæmi um tónverk*

BRUCH, MAX
Fiðlukonsert nr. 1 í g-moll, op. 26, 1. þáttur
*IMC*

MOZART, WOLFGANG AMADEUS
Konsert í D-dúr KV 218, 1. þáttur með kadensu
*Henle*

BACH, JOHANN SEBASTIAN
Partíta nr. 3 í E-dúr, 1. þáttur
*IMC*

LECLAIR, JEAN MARIE
Sónata í D-dúr, 1. og 4. þáttur
*IMC*

JÓN NORDAL
Sónata, 2. og 3. þáttur
*Íslensk tónverkamiðstöð*

ÁSKELL MÁSSON
Teikn fyrir einleiksfiðlu
*Íslensk tónverkamiðstöð*





#### *Dæmi um útdrætti úr hljómsveitarverkum*

MOZART, WOLFGANG A.
Sinfónía nr. 40 í g-moll, úr 1. og 3. þætti
Úr: Gingold, J.: Orchestral Excerpts, 1. hefti
*IMC*

BEETHOVEN, LUDWIG VAN
Sinfónía nr. 5, úr 1. og 3. þætti
Úr: Gingold, J.: Orchestral Excerpts, 2. hefti
*IMC*

TCHAIKOVSKY, P. I.
Sinfónía nr. 4 op. 36, úr 2. þætti
Úr: Gingold, J.: Orchestral Excerpts, 1. hefti
*IMC*

DVOŘÁK, ANTONIN
Sinfónía nr. 5, Frá nýja heiminum, úr 2. þætti
Úr: Gingold, J.: Orchestral Excerpts, 2. hefti
*IMC*

STRAVINSKY, IGOR
Danse sacrale úr Le sacre du printemps, taktar 142–154
Úr: Moderne Orchester-Studien, 1. hefti
*Schott*

BARTÓK, BÉLA
Konsert fyrir hljómsveit, 1. þáttur, taktar 76–231
Úr: Moderne Orchester-Studien, 2. hefti
*Schott*

#### *Dæmi um æfingar*

Caprice nr. 14
Úr: Paganini, N.: 24 Caprices
*IMC*

Caprice nr. 28
Úr: Fiorillo, N.: 36 Caprices
*IMC*

### *Tónstigar og brotnir hljómar*

Undirbúa skal tónstiga og brotna hljóma í samræmi við markmið framhaldsnáms, bls. 25. Úr því efni velji kennari og nemandi til prófs samkvæmt nánari fyrirmælum hér á eftir. Fyrir upphaf prófs skal leggja fram lista yfir þá tónstiga og hljóma sem undirbúnir hafa verið. Í prófinu velur prófdómari þá tónstiga og hljóma sem leiknir eru.

#### Efni

**Nemandi geti leikið**

- krómatískan tónstiga, fjórar áttundir
- tvo dúrtónstiga, þrjár áttundir
- tvo molltónstiga, hljómhæfa og laghæfa, þrjár áttundir
- hljómaraðir sem tengjast þeim dúr- og molltónstigum sem valdir eru til prófs, þrjár áttundir, sbr. dæmi á bls. 32–33; leika skal alla hljóma frá grunntóni upphafshljóms[4]
- einn dúrtónstiga, fjórar áttundir
- einn molltónstiga, hljómhæfan og laghæfan, fjórar áttundir
- einn dúr- eða molltónstiga í flaututónum, tvær áttundir



4 Í hverri hljómaröð skulu vera eftirfarandi hljómar: i, I, ♭VI, I+, vi, $i^{07}$, $V^7$/IV

- gangandi þríundir í þeim dúr- og molltóntegundum sem valdar eru til prófs, þrjár áttundir
- tvígrip:
  - þríundir, sexundir og áttundir í einni dúr- og einni molltóntegund, hljómhæfri og laghæfri, tvær áttundir
  - tíundir í einni dúr- eða molltóntegund, eina áttund

## Leikmáti og hraði

Nemandi

- sýni fjölbreytni í bogatækni
- sýni fjölbreytni í hraðavali
- leiki hraðasta tónstigann eigi hægar en M.M. ♩ = 120, miðað við að leiknar séu sextándapartsnótur
- leiki tvígrip legato, þ.e. bindi tvær til fjórar nótur, u.þ.b. á hraðanum M.M. ♩ = 72, miðað við að leiknar séu áttundapartsnótur

Dæmi:

Hljómaröð frá c




32





## Samleikur

MILHAUD, D.
4 Visages
*Heugel*

MOZART, W. A.
Adagio
*Viola World Publications*
Duos for Violine & Viola K. 423 & K. 424
*Peters*
Serenata Cantabile
*Viola World Publications*
Sinfonia Concertante í Es-dúr K. 364
[fiðla + víóla + hljómsveit/píanó]
*Peters*
Tema con Variationi
*Polskie Wydawnictwo Muzyczne*

PAGANINI, N.
Moto Perpetuo
*IMC*
Sonata per la Grand Viola
*Schott*

RAVEL, M.
Pavane pour une infante défunse
*Masters Music Publications*

REGER, M.
Þrjár svítur op. 131d
[einleiksverk]
*Peters*
Sónata í B-dúr op. 107
[klarínetta (víóla eða fiðla) + píanó]
*Bote & Bock*

SCHOSTAKOWITSCH, D.
Sónata op. 147
*Sikorski*

SCHUBERT, F.
Arpeggione-Sonate
*Peters*



SCHUMANN, R.
Adagio & Allegro op. 70
*IMC*
Fantasy Pieces
[upprunalega fyrir klarínettu og píanó]
*IMC*
Märchenbilder op. 113
*Breitkopf & Härtel/IMC*

STAMITZ, J.
Sónata op. 6a
*IMC*

STAMITZ, K.
Konsert í D-dúr, op. 1
[víóla + hljómsveit]
*IMC*
Sechs Duette, 1. hefti
[2 víólur]
*Schott*

STRAVINSKY, I.
Elegie
[einleiksverk]
*Boosey & Hawkes/Schott*

SVEINBJÖRN SVEINBJÖRNSSON / INGVAR JÓNASSON
Það er svo margt ef að er gáð
*Ingvar Jónasson*

TELEMANN, G. PH.
Svíta í D-dúr
[víóla + strengjasveit/píanó]
*Schott*

WANHAL, J. B.
Concerto for Viola & Orchestra
*IMC/Viola World Publications*

WEBER, C. M. V.
Andante & Rondo Ongarese
[víóla + hljómsveit]
*Schott/IMC*

WIENIAWSKI
Légende
*Viola World Publications*

ÞORKELL SIGURBJÖRNSSON
Fimm íslensk þjóðlög
*Íslensk tónverkamiðstöð*
Step by Step
[einleiksverk]
*Íslensk tónverkamiðstöð*

### Útdrættir úr hljómsveitarverkum

VIELAND
Orchestral Excerpts from the Symphonic Repertoire for Viola, 1.–5. hefti
*IMC*

STRAUSS, R.
Orchesterstudien aus den Symphonischen Werken
*Peters*

## Framhaldspróf

Framhaldspróf er lokapróf á námsferli í tónlistarskóla. Prófið er þríþætt; hljóðfærapróf, tónleikar og tónfræðapróf. Í kafla um áfangapróf í almennum hluta aðalnámskrár tónlistarskóla, bls. 33–44, er að finna umfjöllun um áfangapróf, þ.m.t. tilgang, skipulag, prófþætti og vægi þeirra, lengd prófa, prófreglur, prófdæmingu og einkunnagjöf. Umfjöllun um tónleika við lok framhaldsnáms er að finna á bls. 41–42 í sama riti. Mikilvægt er að allir, sem hlut eiga að máli, kynni sér þessi atriði vandlega.

## Verkefni og prófkröfur

Á framhaldsprófi í víóluleik skal nemandi leika þrjú verk, útdrætti úr hljómsveitarverkum og eina æfingu. Aðrir prófþættir eru tónstigar og brotnir hljómar, val og óundirbúinn nótnalestur, auk þess sem gefið er

fyrir heildarsvip prófsins. Á framhaldsprófi velja nemendur á milli þess að (a) leika tónverk að eigin vali af sambærilegri þyngd og önnur prófverkefni og (b) leika samleiksverk þar sem próftaki gegnir veigamiklu hlutverki. Frekari umfjöllun um valþátt prófsins er að finna í almennum hluta aðalnámskrár tónlistarskóla, bls. 44. Nánar er gerð grein fyrir vægi einstakra prófþátta á bls. 40 í sama riti.

Hér á eftir eru fyrst birt dæmi um prófverkefni á framhaldsprófi og útdrætti úr hljómsveitarverkum. Síðan eru birt fyrirmæli um fjölda og leikmáta tónstiga og hljóma á framhaldsprófi.

## *Tónverk, útdrættir úr hljómsveitarverkum og æfingar*

Eftirfarandi dæmum um prófverkefni á framhaldsprófi er ætlað að skilgreina þyngdarstig prófsins. Fullt eins má þó velja önnur verkefni af sambærilegri þyngd.

### *Dæmi um tónverk*

BACH, J. S.
Sarabande og Gigue úr svítu nr. 3 í C-dúr
*Chester*

STAMITZ, K.
Konsert í D-dúr, 1. þáttur með kadensu
*IMC*

ÞORKELL SIGURBJÖRNSSON
Sex íslensk þjóðlög
*Íslensk tónverkamiðstöð*

BRAHMS, J.
Víólusónata í f-moll, 1. þáttur
*Breitkopf & Härtel/Peters*

JÓN ÞÓRARINSSON
Sónata
*Menningarsjóður*

HOFFMEISTER, F. A.
Konsert í D-dúr, 1. þáttur með kadensu
*IMC/H.L. Grahl*

### *Dæmi um æfingar*

Æfing nr. 17
Úr: Campagnoli, B.: 41 Caprices op. 22 for Viola
*IMC/Peters*

Æfing nr. 2
Úr: Rode, P.: 24 Capricen
*Schott*





### *Dæmi um útdrætti úr hljómsveitarverkum*

ROSSINI, G.
Úr forleik „La Gazza Ladra“
Úr: Vieland: Orchestral Excerpts from the Symphonic Repertoire for Viola, 2. hefti, bls. 19
*IMC*

BRAHMS, J.
Sinfónía nr. 2
[fyrsta dæmið]
Úr: Vieland: Orchestral Excerpts from the Symphonic Repertoire for Viola, 2. hefti, bls. 8
*IMC*

TCHAIKOVSKY, P.
Symphonie Pathétique op. 74
Úr: Vieland: Orchestral Excerpts from the Symphonic Repertoire for Viola, 2. hefti, bls. 34
*IMC*

BEETHOVEN, L. VAN
Sinfónía nr. 5
Úr: Vieland: Orchestral Excerpts from the Symphonic Repertoire for Viola, 1. hefti, bls. 4–5
*IMC*

MOZART, W. A.
Sinfónía nr. 40 í g-moll
Úr: Vieland: Orchestral Excerpts from the Symphonic Repertoire for Viola, 2. hefti, bls. 26
*IMC*

DVOŘÁK, A.
Sinfónía nr. 4
Úr: Vieland: Orchestral Excerpts from the Symphonic Repertoire for Viola, 3. hefti, bls. 17–18
*IMC*

## *Tónstigar og brotnir hljómar*

Undirbúa skal tónstiga og brotna hljóma í samræmi við markmið framhaldsnáms, bls. 56–57. Úr því efni velji kennari og nemandi til prófs samkvæmt nánari fyrirmælum hér á eftir. Fyrir upphaf prófs skal leggja fram lista yfir þá tónstiga og hljóma sem undirbúnir hafa verið. Í prófinu velur prófdómari þá tónstiga og hljóma sem leiknir eru.

### Efni

**Nemandi geti leikið**

- **krómatískan tónstiga frá c til c'''**
- **tvo dúrtónstiga, þrjár áttundir**
- **tvo molltónstiga, hljómhæfa og laghæfa, þrjár áttundir**
- **hljómaraðir sem tengjast þeim dúr- og molltóntegundum sem valdar eru til prófs, þrjár áttundir, sbr. dæmi á bls. 65; leika skal alla hljóma hverrar raðar frá grunntóni fyrsta hljóms[8]**
- **gangandi þríundir í framangreindum dúr- og laghæfum molltóntegundum, þrjár áttundir**
- **tónstiga í flaututónum, tvær áttundir**
- **tónstiga í sexundum í einni dúrtóntegund og einni laghæfri molltóntegund, tvær áttundir**
- **tónstiga í áttundum í einni dúrtóntegund og einni laghæfri molltóntegund, tvær áttundir**

8 Í hverri hljómaröð skulu vera eftirfarandi hljómar: i, I, vi, IV, iv, $i^{07}$, $V^7$/IV

## Leikmáti og hraði

Nemandi

- leiki krómatískan tónstiga þrjár áttundir upp frá grunntóni og niður aftur, eina áttund á hverju bogastroki
- sýni fjölbreytni í bogastrokum
- leiki gangandi þríundir frá grunntóni upp á grunntón og niður aftur; heimilt er þó að fara þríund upp fyrir efri grunntón og einn tón niður fyrir neðri grunntón
- leiki tónstiga í sexundum legato
- leiki tónstiga í áttundum legato
- leiki hraðasta tónstiga eigi hægar en M.M. ♩ = 120, miðað við að leiknar séu áttundapartsnótur
- leiki tónstiga og hljóma hiklaust og utanbókar

Dæmi

C-dúr



Hljómaröð frá c





C-dúr, gangandi þríundir



C-dúr, sexundir



C-dúr, áttundir




64


65

## Samleikur

Hér á eftir fara nokkrar ábendingar um samleiksverk sem gætu reynst notadrjúg í kennslu. Verkin eru flokkuð í þrennt: verk fyrir grunnnám, miðnám og framhaldsnám, allt eftir því í hvaða námsáfanga þau henta best. Innan hvers hluta er verkunum raðað eftir stafrófsröð höfunda og útgefenda getið með sama hætti og annars staðar í námskránni.

### Grunnnám

BARTÓK, B.
**Fourty Four Viola Duos, 1. hefti**
***Boosey & Hawkes***

ELÍAS DAVÍÐSSON
**Dúettar og tríó fyrir víólur**
***Tónar & steinar***
**17 duetti per alti**
***Tónar & steinar***

INGVAR JÓNASSON
**Útsetningar fyrir þrjár og fleiri víólur**
***Ingvar Jónasson***

MOZART, W. A.
**12 Duos**
[2 víólur]
***Viola World Publications***

NELSON, S.
**Tunes for my String Trio**
***Boosey & Hawkes***
**Tunes for my String Quartett**
***Boosey & Hawkes***

SUZUKI, S. / STUEN-WALKER, BETSY
**Ensembles for Violas**
[2 víólur]
***Summy-Birchard***

WHISTLER, H. S. / HUMMEL, H. A.
**String Companions Duet Collection, 1. og 2. hefti**
[fiðla + víóla]
***Rubank***

WIDDICOMBE, T.
**Ebford Suite**
[fiðla + víóla + selló + píanó]
***Chappell***

### Miðnám

BACH, W. FR.
**Drei Duette**
[2 víólur]
***Breitkopf & Härtel***

BARTÓK, B.
**Fourty Four Viola Duos, 1. hefti**
***Boosey & Hawkes***

ELÍAS DAVÍÐSSON
**Dúettar og tríó fyrir víólur**
***Tónar & steinar***

HAYDN, M.
**Fjórar sónötur fyrir fiðlu og víólu**
***Breitkopf & Härtel***

INGVAR JÓNASSON
**Útsetningar fyrir 2, 3 og 4 víólur**
***Ingvar Jónasson***

MOZART, W. A.
**12 Duos**
[2 víólur]
***Viola World Publications***
**Strengjakvartettar, 2. hefti**
***Peters***

PURCELL, H.
**Chaconna í g-moll**
[strengjakvartett]
***IMC***

STAMITZ, C.
**Sechs Duette für zwei Violen, 1. hefti**
***Schott***

WERDIN, E.
**Vier Bagatellen für Viola und Gitarre**
***Doblinger***

WHISTLER, H. S. / HUMMEL, H. A.
**String Companions Duet Collection, 1. og 2. hefti**
[fiðla + víóla]
***Rubank***




66



### Framhaldsnám

BACH, J. S.
**Brandenburgarkonsert nr. 6**
[2 víólur + víóla da gamba + selló + kontrabassi]
***IMC***

BACH, W. FR.
**Þrír dúettar**
[2 víólur]
***Breitkopf & Härtel***

## Bækur varðandi hljóðfærið



Eftirfarandi skrá er ætlað að veita ábendingar um áhugaverðar og gagnlegar bækur varðandi sögu, smíði og þróun hljóðfærisins, tónbókmenntir, tónskáld, leikmáta, flytjendur og kennslu. Vegna náins skyldleika víólunnar við fiðluna eru einnig miklar upplýsingar í bókum um fiðluna.

Menuhin, Yehudi/Primrose, William: Violin and Viola, MacDonald & Jane's, London 1976

Primrose, William: Technique is Memory, Oxford University Press, London 1960

Riley, Maurice W.: The History of the Viola, band I og II, eigin útgáfa 1980 og 1991 [Auk þess að vera saga hljóðfærisins er að finna miklar upplýsingar um verk fyrir hljóðfærið, þekkta víóluleikara og upplýsingar um tónbókmenntir.]

Tertis, Lionel: Cindarella No More, Wm. Carling & Co Ltd., London 1953

Tertis, Lionel: My Viola and I, Elek Books Ltd., London 1976

Tertis, Lionel: Beauty of Tone in String Playing, Oxford University Press, London 1946

Zeyringer, Franz: Literatur für Viola, Verlag Julius Schönwetter Jun., Hartberg, Österreich 1963, 1965, 1976, 1985


67



# SELLÓ

Í þessum hluta aðalnámskrár tónlistarskóla er fjallað um nokkur atriði varðandi nám á selló. Þar á eftir fara kaflar um hvern hinna þriggja meginánfanga námsins, grunnnám, miðnám og framhaldsnám. Í þessum köflum eru fyrst tilgreind þau leikni- og skilningsmarkmið sem nemendur þurfa að hafa náð við lok hvers námsáfanga. Síðan eru birtir verkefnalistar með dæmum um viðfangsefni í hverjum námsáfanga. Á eftir verkefnalistunum er prófkröfum á áfangaprófum lýst með völdum dæmum og gerð grein fyrir flutningsmáta tónstiga og hljóma. Í lok námskrárinnar er skrá með samleiksverkum, auk ábendinga um gagnlegar bækur varðandi hljóðfærið.

## Nokkur atriði varðandi nám á selló

Hljóðfærið tilheyrir fjölskyldu strengjahljóðfæranna og hefur sömu lögun og fiðlan. Sellóið kom fyrst fram um 1600 og hefur síðan í meginatriðum verið óbreytt. Sellóið er viðkvæmt hljóðfæri og fyrirferðarmikið. Ungir nemendur geta því átt í nokkrum erfiðleikum með að flytja það á milli staða.

Til eru selló í mörgum stærðum. Flestir tónlistarskólar leigja út hljóðfæri til nemenda sinna fyrstu árin en yfirleitt er gert ráð fyrir að nemendur eignist eigið hljóðfæri þegar þeir eru farnir að nota hljóðfæri í fullri stærð.

Algengast er að nemendur hefji nám um 8 ára aldur. Sé boðið boðið upp á viðeigandi kennsluaðferðir, s.s. Suzuki-aðferð, geta nemendur byrjað fyrr, allt niður í 4 ára aldur. Þess eru þó mörg dæmi að nemendur hafi byrjað nám mun seinna en hér að ofan er lýst og náð góðum árangri.

## Grunnnám

Almennt er miðað við að nemendur, sem hefja nám í hljóðfæraleik 8 til 9 ára gamlir, ljúki grunnnámi á um það bil þremur árum. Þessi viðmiðun er þó engan veginn einhlít þar sem nemendur hefja nám á ýmsum aldri og námshraði getur verið mismunandi.


68

69

## Markmið í grunnnámi

Uppbygging kennslu í grunnnámi skal taka mið af eftirfarandi: Meginmarkmiðum tónlistarskóla sem sett eru fram í almennum hluta aðalnámskrár, sértækum markmiðum einstakra greinanámskráa, sértækum markmiðum einstakra skóla og síðast en ekki síst áhuga og þörfum nemenda. Leiðir að markmiðum geta verið mismunandi og nemendur ólíkir. Þess vegna hlýtur uppbygging námsins ætíð að verða einstaklingsbundin og viðfangsefni breytileg. Það er hlutverk kennara að leiða hvern nemanda í átt að settu marki með viðeigandi viðfangsefnum.

Við lok grunnnáms eiga sellónemendur að hafa náð eftirfarandi markmiðum:

Nemandi

- beiti líkamanum á eðlilegan hátt þegar leikið er á hljóðfærið
- haldi rétt á hljóðfærinu
- hafi náð tökum á góðu og öruggu bogagripi
- haldi boga þannig að hann myndi rétt horn við strenginn (90°) og grunnstaða hans á strengnum sé u.þ.b. mitt á milli stóls og gripbrettis
- beiti boganum á eðlilegan og áreynslulausan hátt
- hafi náð tökum á eðlilegri stöðu vinstri handar
- leiki með markvissum og jöfnum fingrahreyfingum
- hafi náð allgóðum tökum á eftirfarandi bogastrokum: staccato, legato og detaché
- hafi náð allgóðum tökum á pizzicato
- hafi náð góðum tökum á tónmyndun í fyrstu fjórum stillingum ásamt áttundarflaututónum
- hafi náð allgóðum tökum á inntónun
- sé byrjaður að fást við vibrato
- geti leikið með greinilegum styrkleikabreytingum
- hafi náð grundvallartökum á að stilla hljóðfæri sitt sjálfur

Nemandi

- hafi öðlast allgott hrynskyn
- kunni góð skil á nótnalestri í bassalykli
- hafi kynnst lestri í tenórlykli




70



- geti lesið og leikið án undirbúnings verkefni sambærileg þeim sem fengist var við í fyrri hluta grunnnáms
- hafi þjálfast reglulega í að leika utanbókar
- hafi þjálfast reglulega í að leika eftir eyra
- hafi fengist við skapandi starf frá upphafi námsins
- hafi lagt stund á ýmiss konar samleik
- hafi farið yfir viðunandi fjölda verkefna
- hafi fengist við fjölbreytt úrval verkefna
- hafi á valdi sínu eftirtalda dúrtónstiga og þríhljóma, tvær áttundir: C, D, A, F
- hafi á valdi sínu eftirtalda dúrtónstiga og þríhljóma, eina áttund: B, Es
- hafi á valdi sínu eftirtalda hljómhæfa og laghæfa molltónstiga ásamt þríhljómi, tvær áttundir: a, e, d, g, c
- hafi á valdi sínu eftirtalinn hljómhæfan laghæfan molltónstiga ásamt þríhljómi, eina áttund: h
- hafi undirbúið prófverkefni til flutnings á grunnprófi samkvæmt þessari námskrá



Nemandi sýni eftirfarandi atriði í þeim mæli sem eðlilegt getur talist við lok grunnnáms:

- tilfinningu fyrir túlkun og hendingamótun
- blæbrigði og andstæður
- þekkingu og skilning á stíl
- tilfinningu fyrir samleik
- öruggan og sannfærandi leik
- persónulega tjáningu
- viðeigandi framkomu

## Verkefnalisti í grunnnámi

Hér á eftir fara nokkur sýnishorn viðfangsefna nemenda í grunnnámi. Listinn er alls ekki tæmandi og er honum einkum ætlað að vera til viðmiðunar við skipulagningu hljóðfæranámsins, meðal annars við val annars kennsluefnis. Þyngdarstig viðfangsefnanna er breytilegt, þ.e. allt frá kennsluefni fyrir byrjendur til viðfangsefna sem henta við lok grunnnáms.


71

Listinn er tvískiptur: annars vegar kennslubækur og æfingar, hins vegar tónverk og safnbækur. Raðað er eftir stafrófsröð höfunda og útgefanda getið fyrir neðan titil verks eða bókar. Í einstaka tilfellum kunna hlutar kennslubóka eða tónverka að vera erfiðari en hæfir þessum námsáfanga. Af þessari ástæðu er sömu viðfangsefna einnig í nokkrum tilvikum getið í fleiri en einum áfanga.

## Kennslubækur og æfingar

APPELBAUM, S.
String Builder, 1. og 2. hefti
*Belwin Mills*

BENONY / BURROWS
1st Year Cello Method
*Paxton Music Ltd.*

LEE, S.
40 Leichte Etüden op. 7
*Schott*

LOMNÄS
Jag skal bli cellist, 1. og 2. hefti
*Gehrmans*

PIATTI, A.
Violoncello Method, 1. og 2. hefti
*Augener*

POPPER, D.
15 Easy Studies Preparatory to op. 76 & 73
*IMC*

SQUIRE
Twelve Easy Exercices op. 18
*Augener*

STUTSCHEWSKI, J.
Neue Etüdensammlung, 1. hefti
*Schott*

## Tónverk og safnbækur

Eftirfarandi tónverk og safnbækur eru fyrir selló og hljómborðsundirleik nema annað sé tekið fram.

APPELBAUM, S. (ÚTG.)
Building Technic with Beautiful Music, 1.–4. hefti
*Belwin Mills*

BEETHOVEN, L. VAN / APPELBAUM
Sónatína í G-dúr
*Belwin Mills*

BRÉVAL, J. B.
Leichte Stücke für Violoncello mit Begleitung durch 2. V'cello
*Schott*
Sónata í C-dúr
*Schott*

DERI, OTTO
Solos for the Cello Player
[lög nr. 1, 2 og 4]
*Schirmer*

HAFLIÐI HALLGRÍMSSON
7 íslensk þjóðlög
*Ricordi*

HINDEMITH, P.
Drei leichte Stücke
*Schott*

KLENGEL, J.
Sónatína nr. 1
*IMC*

MARCELLO, B.
Sónata í a-moll
*Schott*
Sónötur í G-dúr og C-dúr
*Schott*
Sónata í e-moll
*Schott*

PURCELL, H.
Air
[úr: Schott Cello Series, 10. hefti]
*Schott*

RIEDING
Konsert í h-moll op. 35
*Bosse Edition*




72



ROMBERG
Sónötur op. 43
*Carl Fischer*

SQUIRE
In Dreamland
*Carl Fischer*

STUTSCHEWSKI, J. (ÚTG.)
Verschollene Klänge, Alte Meisterweisen für Cello und Klavier
*Universal Edition*

SUZUKI, S.
Suzuki Cello School, 1. og 2. hefti
*Summy-Birchard*
Suzuki Cello School, 3. hefti
[lög nr. 1–4, 7 og 9]
*Summy-Birchard*

ÝMSIR
Alte Meisterweisen 1. hefti
*Schott*

Everybody's Favorite Cello Solos
*Amsco*

Klassische Stücke von den Anfang, 1. og 2. hefti
*Schott*



## Grunnpróf

Við lok grunnnáms skulu nemendur þreyta grunnpróf, annars vegar í hljóðfæraleik og hins vegar í tónfræðagreinum. Í kafla um áfangapróf í almennum hluta aðalnámskrár tónlistarskóla, bls. 33–44, er að finna umfjöllun um áfangapróf, þ.m.t. tilgang, skipulag, prófþætti og vægi þeirra, lengd prófa, prófreglur, prófdæmingu og einkunnagjöf. Mikilvægt er að allir, sem hlut eiga að máli, kynni sér þessi atriði vandlega.

### Verkefni og prófkröfur

Á grunnprófi í sellóleik skal nemendi leika þrjú verk og eina æfingu. Aðrir prófþættir eru tónstigar og brotnir hljómar, val og óundirbúinn nótnalestur, auk þess sem gefið er fyrir heildarsvip prófsins. Á grunnprófi velja nemendur á milli þess að (a) spinna út frá gefnu upphafi, einföldu hljómferli eða lagi, (b) leika frumsamið verk eða eigin útsetningu og (c) leika stutt alþýðulag eða þjóðlag sem þeir hafa lært eftir eyra. Frekari umfjöllun um valþátt prófsins er að finna í almennum hluta aðalnámskrár tónlistarskóla, bls. 43. Nánar er gerð grein fyrir vægi einstakra prófþátta á bls. 37 í sama riti.

Hér á eftir eru fyrst birt dæmi um prófverkefni á grunnprófi, valin úr þekktum tónbókmenntum hljóðfærisins. Síðan eru birt fyrirmæli um fjölda og leikmáta tónstiga og hljóma á grunnprófi.


73

## *Tónverk og æfingar*

Eftirfarandi dæmum um prófverkefni á grunnprófi er ætlað að skilgreina þyngdarstig prófsins. Fullt eins má velja önnur verkefni af sambærilegri þyngd.

### *Dæmi um tónverk*

BOCCHERINI, L.
Menúett
Úr: Suzuki Cello School, 3. hefti, nr. 3
*Summy-Birchard*

BRÉVAL, J. B.
Sónata í C-dúr, 1. kafli
*Schott*

HAFLIÐI HALLGRÍMSSON
Austan kaldinn
Úr: 7 íslensk þjóðlög
*Ricordi*

HINDEMITH, P.
Drei Leichte Stücke, nr. 1
*Schott*

MARIE, G.
La Cinquantaine
Úr: Deri: Solos for the Cello Player, nr. 4
*Schirmer*
eða: Suzuki Cello School, 3. hefti, nr. 9
*Summy-Birchard*

MENDELSSOHN BARTOLDY, F.
Á vængjum söngsins
Úr: Everybody's Favorite Cello Solos
*Amsco*

### *Dæmi um æfingar*

KUMMER
Æfing nr. 26
Úr: Piatti: Violoncello Method, 2. hefti
*Augener*

POPPER, D.
Æfing nr. 5
Úr: 15 Easy Studies Preparatory to op. 76 & 73
*IMC*
[sama æfing er nr. 26 í Stutschewski, J.: Neue Etüdensammlung, 1. hefti, útg. Schott]

## *Tónstigar og brotnir hljómar*

Undirbúa skal tónstiga og brotna hljóma í samræmi við markmið grunnnáms, bls. 71. Úr því efni velji kennari og nemandi til prófs samkvæmt nánari fyrirmælum hér á eftir. Fyrir upphaf prófs skal leggja fram lista yfir þá tónstiga og hljóma sem undirbúnir hafa verið. Í prófinu velur prófdómari þá tónstiga og hljóma sem leiknir eru.

### Efni

Nemandi geti leikið

- tvo dúrtónstiga og þríhljóma
- tvo laghæfa molltónstiga og þríhljóma







### Leikmáti og hraði

Nemandi

- geti leikið a.m.k. einn dúrtónstiga og einn laghæfan molltónstiga, tvær áttundir
- geti leikið a.m.k. einn dúrþríhljóm og einn mollþríhljóm, tvær áttundir
- geti leikið hvern tónstiga og þríhljóm með tveimur mismunandi bogastrokum
- leiki hraðasta tónstiga og þríhljóm eigi hægar en er M.M. ♩ = 66, miðað við að leiknir séu áttundapartsnótur

# Miðnám

Í miðnámi eykst umfang námsins frá því sem er í grunnnámi og ætla má að námstíminn lengist að sama skapi. Miðað er við að nemendur geti lokið miðnámi á um það bil fjórum til fimm árum en námshraði getur þó verið mismunandi. Ræður þar miklu ástundun, aldur og þroski nemenda.



## Markmið í miðnámi

Uppbygging kennslu í miðnámi skal taka mið af eftirfarandi: Meginmarkmiðum tónlistarskóla sem sett eru fram í almennum hluta aðalnámskrár, sértækum markmiðum einstakra greinanámskráa, sértækum markmiðum einstakra skóla og síðast en ekki síst áhuga og þörfum nemenda. Leiðir að markmiðum geta verið mismunandi og nemendur ólíkir. Þess vegna hlýtur uppbygging námsins ætíð að verða einstaklingsbundin og viðfangsefni breytileg. Það er hlutverk kennara að leiða hvern nemanda í átt að settu marki með viðeigandi viðfangsefnum.

Við lok miðnáms eiga sellónemendur að hafa náð eftirfarandi markmiðum:

Nemandi

- beiti líkamanum á eðlilegan og áreynslulausan hátt þegar leikið er á hljóðfærið
- hafi náð tökum á eðlilegum og áreynslulausum hreyfingum handleggja
- haldi eðlilega á hljóðfærinu og boganum
- hafi náð tökum á góðu bogagripi
- beiti boganum þannig að hann myndi rétt horn við streng og grunnstaða hans sé u.þ.b. mitt á milli gripbrettis og stóls

- hafi allgott vald á eftirtöldum bogastrokum: detaché, legato, staccato, martelé og spiccato
- hafi gott vald á pizzicato með hægri og vinstri hendi
- hafi á valdi sínu mismunandi hraða og styrkleika í bogastrokum
- hafi náð tökum á mjúkum bogaskiptum
- hafi náð tökum á jöfnum strengjaskiptum
- hafi náð tökum á eðlilegri stöðu vinstri handleggjar miðað við þá stillingu og þann streng sem leikið er á hverju sinni
- hafi náð tökum á hnitmiðaðri fingratækni, þ.m.t. sveigjanlegum þumalfingrum
- hafi náð tökum á góðri samhæfingu vinstri og hægri handar
- hafi náð góðri tónmyndun á tónsviðinu frá C upp á g'' í 11. stillingu og hafi nokkurt vald á notkun þumalfingurs
- hafi náð góðum tökum á inntónun
- hafi náð tökum á þjálum stillingaskiptum
- hafi náð góðu valdi á vibrato
- geti sýnt blæbrigði með mismunandi fjarlægð frá stól og mismunandi bogahraða
- geti gert styrkleikabreytingar og andstæður augljósar
- geti stillt hljóðfæri sitt sjálfur

Nemandi
- hafi öðlast gott hrynskyn
- kunni góð skil á nótnalestri í bassa- og tenórlykli
- kunni nokkur skil á nótnalestri í G-lykli
- kunni skil á skammstöfunum tengdum bogatækni
- geti lesið og leikið án undirbúnings verkefni sambærileg þeim sem fengist var við í fyrri hluta miðnáms
- hafi þjálfast reglulega í að leika utanbókar
- hafi þjálfast í ýmiss konar samleik, þ.m.t. hljómsveitarleik og kammertónlist
- hafi farið yfir viðunandi fjölda verkefna
- hafi fengist við fjölbreytt úrval verkefna
- hafi vald á krómatískum tónstiga í þremur áttundum
- hafi náð góðum tökum á leik allra dúrtónstiga í tveimur til þremur áttundum á tónsviðinu C til g''
- hafi náð góðum tökum á leik allra hljómhæfra og laghæfra molltónstiga í tveimur til þremur áttundum á tónsviðinu C til g''







- hafi náð góðum tökum á leik allra dúr- og mollþríhljóma í tveimur til þremur áttundum á tónsviðinu C til g''
- geti leikið gangandi þríundir á tónsviðinu C til g''
- geti leikið sexundatvígrip á tónsviðinu C til g”
- hafi kynnst leik þríundatvígripa
- hafi undirbúið prófverkefni til flutnings á miðprófi samkvæmt þessari námskrá

Nemanda hafi gefist kostur á að velja hvort og að hversu miklu leyti hann sinnir eftirfarandi atriðum:
- leik eftir eyra
- tónsköpun
- spuna



Nemandi sýni eftirfarandi atriði í þeim mæli sem eðlilegt getur talist við lok miðnáms:
- tilfinningu fyrir túlkun og hendingamótun
- ýmis blæbrigði og andstæður
- þekkingu og skilning á stíl
- tilfinningu fyrir samleik
- öruggan og sannfærandi leik
- persónulega tjáningu
- viðeigandi framkomu

## Verkefnalisti í miðnámi

Hér á eftir fara nokkur sýnishorn viðfangsefna nemenda í miðnámi. Listinn er alls ekki tæmandi og er honum einkum ætlað að vera til viðmiðunar við skipulagningu hljóðfæranámsins, meðal annars við val annars kennsluefnis. Þyngdarstig viðfangsefnanna er breytilegt, þ.e. allt frá kennsluefni, sem hentar við upphaf miðnáms, til efnis sem hæfir við lok námsáfangans.

Listinn er tvískiptur: annars vegar kennslubækur og æfingar, hins vegar tónverk og safnbækur. Raðað er eftir stafrófsröð höfunda og útgefanda getið fyrir neðan titil verks eða bókar. Í einstaka tilfellum kunna hlutar kennslubóka eða tónverka að vera léttari eða erfiðari en hæfir þessum námsáfanga. Af þessari ástæðu er sömu viðfangsefna einnig í nokkrum tilvikum getið í fleiri en einum áfanga.

## Kennslubækur og æfingar

COSSMANN
Violoncello Studien
*Schott*

DOTZAUER
Ausgewählte Etüden für Violoncello, 1. hefti
*Peters*

DUPORT
21 Etüden
*Peters*

FEUILLARD
Daglegar æfingar
*Schott*

KUMMER
10 Melodische Etüden op. 57
*Peters*

LEE, S.
Melodische Etüden op. 31, 1. og 2. hefti
*Schott/Peters*

LOEB, J.
Gammes et ‘Arpéges
*Gérard Billaudot*

PIATTI, A.
Violoncello Method, 2. og 3. hefti
*Augener*

ŠEVČIK, O.
School of Bowing Technics op. 2, 1. og 2. hefti
*Bosse Edition*

STUTSCHEWSKI, J.
Neue Etüdensammlung, 2. og 3. hefti
*Schott*

SUCH, P.
Æfingasafn, 2. hefti
*Augener*

## Tónverk og safnbækur

Eftirfarandi tónverk og safnbækur eru fyrir selló og hljómborðsundirleik nema annað sé tekið fram.

BACH, J. S.
Einleikssvíta nr. 1 í G-dúr
*Ýmsir útgefendur*
Einleikssvítur nr. 2 og 3
[valdir þættir]
*Ýmsir útgefendur*

BAZELAIRE
Suite francaise op. 114
*Schott*

BEETHOVEN, L. VAN
12 tilbrigði við stef eftir Händel
*Henle*
Sónatína
*Peters*

BRÉVAL
Konsert í F-dúr
*Delrieu*

COUPERIN
Piéces en concert
*Leduc*

DERI (ÚTG.)
Solos for the Cello Player
*Schirmer*

FAURÉ, G.
Sicilienne
*Ýmsir útgefendur*

FESCH, W. DE
Drei Sonaten op. 8, nr. 7–9
*Moeck*
Drei Sonaten op. 8, nr. 10–12
*Moeck*

GAILLARD, J. E.
Sónata í e-moll
*Schott*

HAFLIÐI HALLGRÍMSSON
6 íslensk þjóðlög útsett fyrir selló og píanó
*Íslensk tónverkamiðstöð*

HAYDN, J. / PIATIGORSKI, G.
Divertimento, 1. og 2. þáttur
*Elkan Vogel*

KLENGEL, J.
Konsertínó í a-moll op. 46
*Breitkopf & Härtel*
Konsertínó í C-dúr op. 7
*Breitkopf & Härtel*




78



MARCELLO
Sónötur í F-dúr og g-moll
*Schott*
Sónata í e-moll
*Schott*
Sónata í D-dúr
*Schott*

MARTINU, B.
Pastorales
*Leduc*

PARADIS, MARIA-THERESIA V.
Sicilienne
*Schott*

RAPP, E. (ÚTG.)
Alte Meisterweisen für junge Cellisten, 2. hefti
*Schott*

ROMBERG
Konsert í e-moll op. 38
*Delrieu*

SAINT-SAËNS, C.
Allegro appassionato op. 43
*Durand*

SQUIRE, W. H.
Bourrée op. 24
*Southern Music Española*
Tarantella op. 23
*IMC*

STUTSCHEWSKI, J.
The little Cellist, Seven Miniatures
*Leeds Music Corporation*

STUTSCHEWSKI, J. ( ÚTG.)
Verschollene Klänge, Alte Meisterweisen für Cello und Klavier
*Universal Edition*

SUZUKI, S.
Suzuki Cello School, 3., 4. og 5. hefti
*Summy-Birchard*

VIVALDI, A.
Konsert í a-moll RV 442
[P.V. 24-F III Nr. 4]
*Schott*
Konsert í D-dúr RV 404
*Schott*
Sónötur nr. 1–5
*Schott/Editio Musica Budapest*

ÝMSIR
Everybody’s Favourite Cello Solos
*Amsco*



## Miðpróf

Við lok miðnáms skulu nemendur þreyta miðpróf, annars vegar í hljóðfæraleik og hins vegar í tónfræðagreinum. Í kafla um áfangapróf í almennum hluta aðalnámskrár tónlistarskóla, bls. 33–44, er að finna umfjöllun um áfangapróf, þ.m.t. tilgang, skipulag, prófþætti og vægi þeirra, lengd prófa, prófreglur, prófdæmingu og einkunnagjöf. Mikilvægt er að allir, sem hlut eiga að máli, kynni sér þessi atriði vandlega.

### Verkefni og prófkröfur

Á miðprófi í víóluleik skal nemendi leika þrjú verk og eina æfingu. Aðrir prófþættir eru tónstigar og brotnir hljómar, val og óundirbúinn nótnalestur, auk þess sem gefið er fyrir heildarsvip prófsins. Á miðprófi velja nemendur á milli þess að (a) leika tónverk að eigin vali af sambærilegri þyngd og önnur prófverkefni, (b) leika frumsamið verk eða eigin útsetningu og (c) spinna út frá gefnu upphafi, lagi eða hljómferli með eða án undirleiks. Frekari umfjöllun um valþátt prófsins er að finna í almennum


79

hluta aðalnámskrár tónlistarskóla, bls. 43. Nánar er gerð grein fyrir vægi einstakra prófþátta á bls. 38–39 í sama riti.

Hér á eftir eru fyrst birt dæmi um prófverkefni á miðprófi, valin úr þekktum tónbókmenntum hljóðfærisins. Síðan eru birt fyrirmæli um fjölda og leikmáta tónstiga og hljóma á miðprófi.

## *Tónverk og æfingar*

Eftirfarandi dæmum um prófverkefni á miðprófi er ætlað að skilgreina þyngdarstig prófsins. Fullt eins má þó velja önnur verkefni af sambærilegri þyngd.

### *Dæmi um tónverk*

BACH, J. S.
Prelúdía úr einleikssvítu nr. 1
í G-dúr
*Ýmsir útgefendur*

HAFLIÐI HALLGRÍMSSON
Kindur jarma í kofunum
Úr: 6 íslensk þjóðlög útsett fyrir
selló og píanó
*Íslensk tónverkamiðstöð*

KLENGEL, J.
Konsertínó í C-dúr, op. 7, 1. þáttur
*Breitkopf & Härtel*

SAINT-SAËNS, C.
Svanurinn
t.d. úr: Deri (útg.): Solos for the
Cello Player, útg. Schirmer
eða
Everybody's Favorite Cello Solos,
útg. Amsco

SQUIRE
Tarantella
*IMC*

VIVALDI, A.
1. og 2. þáttur úr sónötu nr. 5
í e-moll
*Schott/Editio Musica Budapest*

### *Dæmi um æfingar*

Etýða nr. 4
Úr: Duport: Æfingar
*Peters*

Æfing nr. 9
Úr: Kummer: 10 Melodische
Etüden op. 57
*Peters*

## *Tónstigar og brotnir hljómar*

Undirbúa skal tónstiga og brotna hljóma í samræmi við markmið miðnáms, bls. 76–77. Úr því efni velji kennari og nemandi til prófs samkvæmt nánari fyrirmælum hér á eftir. Fyrir upphaf prófs skal leggja fram lista yfir þá tónstiga og hljóma sem undirbúnir hafa verið. Í prófinu velur prófdómari þá tónstiga og hljóma sem leiknir eru.




80

Efni



Nemandi geti leikið

- krómatískan tónstiga frá C til c''
- tvo dúrtónstiga og þríhljóma, þrjár áttundir
- tvo hljómhæfa og laghæfa molltónstiga ásamt þríhljómum, þrjár áttundir
- gangandi þríundir í einni dúrtóntegund og einni hljómhæfri molltóntegund, þrjár áttundir
- sexundatvígrip í einni dúrtóntegund þannig að efri tónninn fari hæst upp á c''

### Leikmáti og hraði

Nemandi

- leiki krómatískan tónstiga frá C upp á c'' og niður á C aftur
- geti leikið hvern dúr- og molltónstiga með tveimur mismunandi bogastrokum
- geti leikið hvern dúr- og mollþríhljóm með tveimur mismunandi bogastrokum
- leiki hraðasta tónstiga og þríhljóm eigi hægar en M.M. ♩ = 88, miðað við að leiknar séu áttundapartsnótur
- leiki gangandi þríundir frá grunntóni upp á grunntón og niður aftur; heimilt er þó að fara þríund upp fyrir efri grunntón og einn tón niður fyrir neðri grunntón
- leiki sexundatvígrip, hæst upp í 7. stillingu
- leiki sexundatvígrip þannig að efri upphafstónn sé grunntón og neðri upphafstónn sexund neðar
- leiki tónstiga og hljóma hiklaust og utanbókar




81

Dæmi

C-dúr, sexundatvígrip



## Framhaldsnám

Framhaldsnám tekur við að loknu miðnámi. Hér er um umfangsmikinn námsáfanga að ræða og miðast lok framhaldsnáms við að nemendur séu undir það búnir að takast á við tónlistarnám á háskólastigi.

Gera verður ráð fyrir að námstími í framhaldsnámi sé einstaklingsbundinn og ræður þar miklu ástundun, aldur, þroski og hæfileikar nemenda. Miðað er við að unnt sé að ljúka þessum áfanga á um það bil fjórum árum. Afburðanemendur ættu að geta lokið náminu á skemmri tíma en einnig getur lengri námstími verið eðlilegur.

### Markmið í framhaldsnámi

Uppbygging kennslu í framhaldsnámi skal taka mið af eftirfarandi: Meginmarkmiðum tónlistarskóla sem sett eru fram í almennum hluta aðalnámskrár, sértækum markmiðum einstakra greinanámskráa, sértækum markmiðum einstakra skóla og síðast en ekki síst áhuga og þörfum nemenda. Leiðir að markmiðum geta verið mismunandi og nemendur ólíkir. Þess vegna hlýtur uppbygging námsins ætíð að verða einstaklingsbundin og viðfangsefni breytileg. Það er hlutverk kennara að leiða hvern nemanda í átt að settu marki með viðeigandi viðfangsefnum.

Við lok framhaldsnáms eiga sellónemendur að hafa náð eftirfarandi markmiðum:


82



Nemandi

- beiti líkamanum á eðlilegan og áreynslulausan hátt þegar leikið er á hljóðfærið
- hafi náð tökum á eðlilegri og vel þjálfaðri stöðu beggja handa og samhæfðum hreyfingum
- ráði yfir góðri bogatækni
- beiti lipurri og jafnri fingratækni og ráði yfir talsverðum hraða
- hafi náð tökum á öruggri og þroskaðri tónmyndun á öllu tónsviði hljóðfærisins
- ráði yfir þjálum bogaskiptum, strengjaskiptum og stillingaskiptum
- hafi náð mjög góðum tökum á inntónun
- hafi náð góðum tökum á vibrato og noti það með hliðsjón af stíl
- ráði yfir víðu styrkleikasviði hvar sem er á tónsviðinu

Nemandi

- hafi öðlast mjög gott hrynskyn
- hafi góð tök á nótnalestri í F-, C- og G-lykli
- geti lesið og leikið án undirbúnings verkefni sambærileg þeim sem fengist var við á miðprófi
- hafi fengið reglulega þjálfun í að leika utanbókar
- hafi þjálfast í ýmiss konar samleik, þ.m.t. hljómsveitarleik og kammertónlist
- hafi farið yfir viðunandi fjölda verkefna
- hafi fengist við fjölbreytt úrval verkefna
- hafi þjálfast í leik allra dúrtónstiga, hljómhæfra og laghæfra molltónstiga, fjórar áttundir
- hafi þjálfast í leik allra dúr- og mollþríhljóma, fjórar áttundir
- hafi þjálfast í leik allra dúrtónstiga, hljómhæfra og laghæfra molltónstiga í tvígripum í sexundum, þríundum og áttundum, tvær til þrjár áttundir eftir legu
- hafi undirbúið prófverkefni til flutnings á framhaldsprófi samkvæmt þessari námskrá
- hafi undirbúið efnisskrá til flutnings á tónleikum samkvæmt almennum hluta aðalnámskrár, bls. 41–42


83

Nemandi sýni með ótvíræðum hætti
- tilfinningu fyrir túlkun og hendingamótun
- margvísleg blæbrigði og andstæður
- þekkingu og skilning á stíl
- tilfinningu fyrir samleik
- öruggan og sannfærandi leik
- persónulega tjáningu
- viðeigandi framkomu

## Verkefnalisti í framhaldsnámi

Hér á eftir fara nokkur sýnishorn viðfangsefna nemenda í framhaldsnámi. Listinn er alls ekki tæmandi og er honum einkum ætlað að vera til viðmiðunar við skipulagningu hljóðfæranámsins, meðal annars við val annars kennsluefnis. Þyngdarstig verkefnanna er breytilegt, þ.e. allt frá kennsluefni, sem hentar við upphaf framhaldsnáms, til efnis sem hæfir við lok námsáfangans.

Listinn er þrískiptur: æfingar, tónverk og útdrættir úr hljómsveitarverkum. Raðað er eftir stafrófsröð höfunda og útgefanda getið fyrir neðan titil verks eða bókar. Í einstaka tilfellum kunna hlutar kennslubóka eða tónverka að vera léttari eða erfiðari en hæfir þessum námsáfanga. Af þessari ástæðu er sömu viðfangsefna einnig í nokkrum tilvikum getið í fleiri en einum áfanga.

### Æfingar

BENTZON, N. V.
16 Etudes for Cello Solo
*Wilhelm Hansen*

COSSMANN, B.
Violoncello-Studien
*Schott*

DUPORT
21 Etüden
*Peters*

FEUILLARD, L. R.
Tägliche Übungen
*Schott*

LOEB, J.
Gammes et ‘Arpéges
*Gérard Billaudot*

PIATTI, A.
Violoncello Method, 3. hefti
*Augener*
12 Capricen op. 25
*Peters/Ricordi*

POPPER, D.
High School of Cello Playing
(40 etudes) op. 73
*Schirmer/IMC*

ŠEVČIK, O.
School of Bowing Technique
op. 2, 2. og 3. hefti
*Bosworth*
Forty Variations op. 3
*Bosworth*
Changes of Position and
Preperatory Scale Studies op. 8
*Bosworth*




84

### Tónverk

Eftirfarandi tónverk eru fyrir selló og hljómborðsundirleik nema annað sé tekið fram.

BACH, J. C.
Konsert í c-moll
*Ed. Salabert*

BACH, J. S.
Einleikssvítur nr. 1 í G-dúr, nr. 2 í d-moll og nr. 3 í C-dúr
*Ýmsar útgáfur*
Þrjár sónötur BWV 1027-1029 fyrir viola da gamba(selló) og sembal (píanó)
*Peters*

BEETHOVEN, L. VAN
Sónötur op. 5, nr. 1 og 2, fyrir píanó og selló
*Henle*
Tilbrigði við stef úr Töfraflautu Mozarts
*Henle*

BOCCHERINI, L.
Rondó í C-dúr
*Schott*

BRAHMS, J.
Sónata op. 38 í e-moll
*Henle*

BRUCH, M.
Kol Nidrei op. 47
*Simrock*

CASSADO, G.
Requiebros
*Schott*

CHOPIN, F.
Sónata
*Polskie Wydawnictwo Muzyczne*

ECCLES, H.
Sónata í g-moll
*Schott*

FALLA, M. DE
Suite populaire espagnole
*Max Esching*

FAURÉ, G.
Elegy op. 24
*IMC/Peters*

FAURÉ, G. / CASALS
Après un rêve
*Leduc*

GOENS, D. V.
Scherzo, op. 12, nr. 2
*Hamelle*

HAYDN, J.
Konsert í C-dúr
*Henle/IMC*

HAYDN, J. / PIATIGORSKI G.
Divertimento
*Elkan Vogel*

HENZE, H. V.
Serenade für Violoncello solo
[einleiksverk]
*Schott*

HINDEMITH, P.
Sónata fyrir einleiksselló op. 25, nr. 3
*Schott*
Trauermusik für Violoncello und Streichorchester
*Schott*

JÓRUNN VIÐAR
Tilbrigði um íslenskt þjóðlag
*Íslensk tónverkamiðstöð*

KODÁLY, Z.
Adagio
*Editio Musica Budapest*
Sónata op. 4
*Universal Edition*

MARTINU, B.
Sónata nr. 3
*Leduc*

MENDELSSOHN, F.
Sónata nr. 1
*Peters*
Variations Concertantes op. 17
*Peters*

MONN, M. G.
Sellókonsert í g-moll
*Universal Edition*

MOSZKOWSKI, M.
Guitarre, op. 45, no. 2
*Peters*

POPPER, D. / ROSE, L.
Gavotta nr. 2, op. 23
*IMC*

RACHMANINOFF, S. / ROSE, L.
Vocalise op. 34, no. 14
*IMC*

RAVEL, M.
Habanera pour violoncello
*Leduc*




85

**SAINT-SAËNS, C.**
Konsert nr. 1, op. 33
*Durand/IMC*

**SALLINEN, A.**
Elegía fyrir Sebastian Knight
[einleiksverk]
*Fazer*

**SAMMARTINI, G. B.**
Sónata í G-dúr
*Schott*

**SHOSTAKOVICH, D.**
Zwei Stücke, Adagio und
Frühlings-walzer
*Peters*

**SCHUMANN, R.**
Fantasiestücke op. 73
*Peters*
Fünf Stücke im Volkston
*Breitkopf & Härtel*

**SNORRI S. BIRGISSON**
„Dans“ fyrir einleiksselló
*Íslensk tónverkamiðstöð*

**SOMMERFELDT, Ø.**
Mini Suite fyrir einleiksselló op. 43
*Nordisk Musikforlag*

**VIVALDI, A.**
Sónata nr. 6
*Schott*
Sónötur nr. 6, 7, 8 og 9
*Editio Musica Budapest*

### Útdrættir úr hljómsveitarverkum

**ROSE / STUTCH**
Orchestral Excerpts from the
Symphonic Repertoire, þrjú hefti
*IMC*

## Framhaldspróf

Framhaldspróf er lokapróf á námsferli í tónlistarskóla. Prófið er þríþætt; hljóðfærapróf, tónleikar og tónfræðapróf. Í kafla um áfangapróf í almennum hluta aðalnámskrár tónlistarskóla, bls. 33–44, er að finna umfjöllun um áfangapróf, þ.m.t. tilgang, skipulag, prófþætti og vægi þeirra, lengd prófa, prófreglur, prófdæmingu og einkunnagjöf. Umfjöllun um tónleika við lok framhaldsnáms er að finna á bls. 41–42 í sama riti. Mikilvægt er að allir, sem hlut eiga að máli, kynni sér þessi atriði vandlega.

### Verkefni og prófkröfur

Á framhaldsprófi í sellóleik skal nemandi leika þrjú verk, útdrætti úr hljómsveitarverkum og eina æfingu. Aðrir prófþættir eru tónstigar og brotnir hljómar, val og óundirbúinn nótnalestur, auk þess sem gefið er fyrir heildarsvip prófsins. Á framhaldsprófi velja nemendur á milli þess að (a) leika tónverk að eigin vali af sambærilegri þyngd og önnur prófverkefni og (b) leika samleiksverk þar sem próftaki gegnir veigamiklu hlutverki. Frekari umfjöllun um valþátt prófsins er að finna í almennum hluta aðalnámskrár tónlistarskóla, bls. 44. Nánar er gerð grein fyrir vægi einstakra prófþátta á bls. 40 í sama riti.




86



Hér á eftir eru fyrst birt dæmi um prófverkefni á framhaldsprófi og útdrætti úr hljómsveitarverkum. Síðan eru birt fyrirmæli um fjölda og leikmáta tónstiga og hljóma á framhaldsprófi.

### *Tónverk, útdrættir úr hljómsveitarverkum og æfingar*

Eftirfarandi dæmum um prófverkefni á framhaldsprófi er ætlað að skilgreina þyngdarstig prófsins. Fullt eins má þó velja önnur verkefni af sambærilegri þyngd.

#### *Dæmi um tónverk*

**BACH, J. S.**
Sarabande og Gigue úr einleikssvítu nr. 2 í d-moll
*Ýmsar útgáfur*

**BEETHOVEN, L. VAN**
1. og 2. þáttur úr sónötu op. 5, nr. 2 í g-moll
*Henle*

**HAYDN, J.**
1. þáttur úr konsert í C-dúr
*Henle/IMC*

**JÓRUNN VIÐAR**
Tilbrigði um íslenskt þjóðlag
*Íslensk tónverkamiðstöð*

**SAINT-SAËNS, C.**
1. þáttur úr konsert í a-moll op. 33
*Durand/IMC*

**SCHUMANN, R.**
3. þáttur úr Fantasiestücke op. 73
*Peters*



#### *Dæmi um útdrætti úr hljómsveitarverkum*

**BACH, J. S.**
Brandenborgarkonsert nr. 3 í G-dúr

**BEETHOVEN, L. VAN**
Sinfónía nr. 5

**BRAHMS, J.**
Sinfónía nr. 2

**HAYDN, J.**
„Surprise“ sinfónían

**MENDELSSOHN, F.**
Fingalshellir

**SIBELIUS, J.**
Sinfónía nr. 2

Ofangreind dæmi er að finna í: Rose/Stutch: Orchestral Excerpts from the Symphonic Repertoire, 1.-3. hefti, útg. IMC.

#### *Dæmi um æfingar*

**POPPER, D.**
Æfing nr. 5
Úr: High School of Cello Playing
*Schirmer/IMC*

**DUPORT**
Etýða nr. 6 í G-dúr
Úr: 21 Etüden
*Peters*

### *Tónstigar og brotnir hljómar*

Undirbúa skal tónstiga og brotna hljóma í samræmi við markmið framhaldsnáms, bls. 83. Úr því efni velji kennari og nemandi til prófs samkvæmt nánari fyrirmælum hér á eftir. Fyrir upphaf prófs skal leggja fram


87

lista yfir þá tónstiga og hljóma sem undirbúnir hafa verið. Í prófinu velur prófdómari þá tónstiga og hljóma sem leiknir eru.

### Efni

Nemandi geti leikið

- tvo dúrtónstiga og þríhljóma, fjórar áttundir
- tvo hljómhæfa og laghæfa molltónstiga, ásamt þríhljómum, fjórar áttundir
- tvígrip: þríundir, sexundir og áttundir í einum dúrtónstiga og einum hljómhæfum molltónstiga, tvær til þrjár áttundir

### Leikmáti og hraði

Nemandi

- sýni fjölbreytni í hraðavali
- geti leikið hvern tónstiga og hljóm með tveimur mismunandi bogastrokum
- leiki hraðasta tónstiga og þríhljóm eigi hægar en M.M. ♩ = 144, miðað við að leiknar séu áttundapartsnótur
- leiki tvígrip yfir tvær til þrjár áttundir eftir tónhæð tónstigans

## Samleikur

Hér á eftir fara nokkrar ábendingar um samleiksverk sem gætu reynst notadrjúg í kennslu. Verkin eru flokkuð í þrennt: verk fyrir grunnnám, miðnám og framhaldsnám, allt eftir því í hvaða námsáfanga þau henta best. Innan hvers hluta er verkunum raðað eftir stafrófsröð höfunda og útgefenda getið með sama hætti og annars staðar í námskránni. Í einstaka tilfellum kunna hlutar tónverka að vera léttari eða erfiðari en hæfir viðkomandi áfanga. Af þessari ástæðu er sömu viðfangsefna einnig í nokkrum tilvikum getið í fleiri en einum áfanga.

### Grunnnám

ELÍAS DAVÍÐSSON
Dúettar o.fl.
*Tónar og steinar*

FLETCHER, S.
New Tunes for Strings, tvö hefti
[fiðla, víóla, selló, kontrabassi – ýmsir möguleikar]
*Boosey & Hawkes*

FREWER, MARTIN
Jólalög fyrir selló
[dúettar og tríó]
*M. Frewer*

KUMMER
Six Duets for Violoncello, 1. hefti
*IMC*




88



NELSON, S.
